

Leiddi morðhótanir hjá sér

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn í Skagafirði, stefnir á þing í haust. Hann segir frá árunum í sérsveitinni, friðargæslunni í Afganistan og ísbjörnunum tveimur sem gengu á land árið 2008. Þótt aldrei hafi verið gefið upp hver felldi birnina tvo var Stefán gerður ábyrgur og fékk morðhótanir alls staðar að úr heiminum. → 20



Þá kom í ljós að hann var búinn að finna lyktina af okkur.



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Sorgin sigurstrangleg

Sérfræðingar Fréttablaðsins telja drungann sigurstranglegan á Óskarsverðlaunahátíðinni. → 50



Útgáfa í tuttugu ár

Margt hefur breyst á þeim tuttugu árum sem Fréttablaðið hefur komið út.

→ 18 og 28



Ástríðan leiddi hana til Ítalíu

Berglind Guðmundsdóttir varði þremur vikum ein á Sikiley og sneri aftur með tókulið. → 24

BENEDIKT ERLINGSSON

NASHYRN INGARNIR

Þeir eru
komnir!

Þjóð
leik
húsið



Likindin með Systraböndum og Hystory þóttu mörgum of mikil. Höfundar Systrabanda hafa tekið af allan vafa með yfirlýsingu.

Þvertaka fyrir að þættirnir byggja á Hystory

MENNING Höfundar og framleiðendur Systrabanda segja í tilkynningu að þættirnir séu ekki byggðir á leikritinu Hystory, sem var frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins í mars 2015, með neinum hætti. Hystory fjallaði um þrjár konur sem hittast aftur eftir að hafa burðast með gamlar syndir, ofbeldisverk gegn þeirri fjórðu á unglingsárum. Kristín Eiríksdóttir, höfundur Hystory, sagði í pistli að sér hefði liðið eins og sparkað hefði verið í magann á sér þegar hún sá þættina. „Þau líkindi sem bent hefur verið á með verkunum tveimur koma eingöngu til af eðlilegri úrvinnslu á áþekku umfjöllunarefni,“ segir í tilkynningunni. Meðal þess sem bent var á að sú myrta hét Nanna í Hystory en Hanna í Systraböndum ásamt fleiru. – bb

Börnin á Jörfa mættu í sýnatöku



Mikill fjöldi barna af leikskólanum Jörfa mætti í sýnatöku í gær í skimunarstöðinni á Suðurlandsbraut, en rúmlega 100 fjölskyldur hafa verið í sóttkví í viku vegna manns sem virti ekki sóttkví og einangrun. Börnin gengu flest hver út frekar súr í bragði enda sýnataka nokkur áraun fyrir smáfólkið. Alls eru 19 starfsmenn Jörfa smitaðir og ljóst að lítið verður um hefðbundið leikskólustarf í Jörfa í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Harpa að drabbast niður

MENNING „Alvarleg staða er að skapast vegna uppsafnaðs viðhalds á Hörpu og búnaði sem hefur ekki verið hægt að sinna,“ segir í ársreikningi Hörpu.

Við blasir að rekstrarforsendur og grundvöllur starfsemi í Hörpu þarfnast endurskoðunar, segir þar enn fremur, en sú staða sé ekki ný af nálíni heldur hafi einkennt starfsemi frá opnun hússins.

Skýringarnar sem gefnar eru sé hár kostnaður við rekstur fasteignarinnar og mun hærri fasteignagjöld en gert hafði verið ráð fyrir.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir stjórnarformaður segir í ávarpi að það tómarúm sem skapaðist á síðasta ári hafi verið nýtt til góðra verka og meðal annars ráðist í nauðsynlegt viðhald. „Það gat meðal annars orðið vegna þess að eigendur hússins, ríkið og Reykjavíkurborg, lögðu félaginu til aukid hlutafé, fjármuni sem notaðir eru í mikilvægar framkvæmdir sem snúa annars vegar að nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum.“ – bb



Ráðist var í óumflýjanlegar viðgerðir á þaki vesturbýggingar. Hér skoða vökul augu hvernig til tókst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Byggja nýjan þakbar í hjarta miðborgarinnar

Lindarvatn hefur sótt um til byggingarfulltrúa að bæta við skála á þaksvalirnar á 5. hæð Thorvaldsenstrætis 6 á Landssímareitnum. Markmiðið er að gestir geti setið úti allan ársins hring með útsýni yfir hjarta miðborgarinnar.

SKIPULAG „Ef allt gengur að óskum verður þarna skemmtilegur þakbar og það er markmiðið með þessari skipulagsbreytingu að fá að byggja glerskála þannig að hægt sé að sitja á svölunum í færanlegu gluggakerfi allan ársins hring,“ segir Jóhannes Stefánsson, framkvæmdarstjóri Lindarvatns sem á fasteignirnar á Landssímareitnum. Lindarvatn hefur sótt um til byggingarfulltrúa að bæta við skála á þaksvalir á 5. hæð Thorvaldsenstrætis 6 til að gera svokallaðan þakbar, eða „rooftop bar“.

Flestir þannig barir eru ógnar vinsælir í borgum úti í hinum stóra heimi enda fátt betra en að sitja á fallegu sumarkvöldi á þakbar. Ólíkt Íslandi er vindurinn ekki aðalmálið þar og því þarf að sækja um að byggja glerhjúp hér.

„Það er það sem er til skoðunar. Þetta eru þökkalega stórar þaksvalir og það er gert ráð fyrir bar á fimmtu hæðinni þannig að þarna erum við að auka notagildið og sjá til þess að við getum notað svalirnar oftar en nokkra daga á ári.“

Thorvaldsenstræti er á besta stað í miðborginni og ætti því, verði þetta samþykkt af borgaryfirvöldum, að verða einn eftirsóknarverðasti staður borgarinnar til að skála með útsýni yfir miðborgina. „Það sem vinnur með okkur er hvað er skjólsælt á þessum stað. Svalirnar snúa beint gegn sólu og þarna er hægt að ná bæði morgun- og kvöldsólinni. Ef vel tekst til verður þetta einn besti staður borgarinnar að vera á jafnt að sumri sem vetri.“

Lindarvatn er eigandi fasteigna á Landssímareitnum við Austurvöll. Uppbygging er komin á lokametrum.



Hér má sjá hvernig svalirnar líta út. Stefnt er að því að byggja glerskála til að auka notagildið og búa til þakbar í borginni. MYND/LANDSSÍMAREITURINN.IS

Það sem vinnur með okkur er hvað er skjólsælt á þessum stað. Svalirnar snúa beint gegn sólu og þarna er hægt að ná bæði morgun- og kvöldsólinni.

Jóhannes Stefánsson, framkvæmdarstjóri Lindarvatns



ana og vonast Jóhannes til að hægt verði að opna fyrr en síðar. Þarna mun verða hótél undir merkjum Curio by Hilton auk þess sem tónlistarsalurinn NASA verður endurgerður í upprunalegri mynd. Þá verða einnig veitingastaðir, íbúðir og safn á reitnum auk barsins góða í hæstu hæðum.

„Verkið er á lokasprettinum. Við erum að vonast til að klára drjúgan hluta í herbergjunum á hótelinu í maí og vonandi verður þetta orðið tilbúið í júní eða júlí. Ef ekkert kemur upp á, maður þorir ekkert að lofa neinu. Þetta er með þeim fyrirvara,“ segir Jóhannes léttur. benediktboas@frettabladid.is

Til Sölu
OPEL GRANDLAND X
ULTIMATE PLUG IN HYBRID



Árgerð 2020, ekinn 18.000 km.
300 hö og hlaðinn aukabúnaði
Nývirði er um 7.300.000,- hjá umboði
VERÐ kr. 6.290.000,-



gaedabilar.is

Nánari upplýsingar:
Guðmundur Albertsson - Gæðabílar
Sími/Tel: +354 897 1017



MEISTARI YARIS

Komdu á sigurhátíð
í dag kl. 10–16



TOYOTA YARIS HYBRID ER BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU
Komdu á sigurhátíð hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota
í dag kl. 10–16.



100.000 króna gjafabréf* frá Icelandair fylgir nýjum Toyota Yaris Hybrid
á sýningunni. Nú fögnum við meistararum!

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 18.04.2021 TIL 24.04.2021

20

FRÉTTABLAÐIÐ

ár eru síðan Fréttablaðið var fyrst gefið út.



600

ný störf verða sköpuð með tilkomu kolefnisförgunarstöðvarinnar CODA terminal í Straumsvík.




16

þúsund skammtar af bóluefni AstraZeneca verða afhentir Íslandi að láni frá Noregi.



5

umhverfisverndarsamtök hafa kært framkvæmdaleyfi Landsnets fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu.



812

sæta nú sóttkví á Íslandi vegna COVID-19.

Þrjú í fréttum Níðvísa, sjúkrarými og hraðalækkanir

Kári Stefánsson

forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

orti níðvísu um Alþingi en hann er ekki sáttur við störf þingsins í sóttvarnamálum. Kári segir að ríkisstjórnin hafi almennt staðið sig vel á undanförunum mánuðum en telur hana hafa hrasað á lokametrunum með aðgerðum á landamærunum.



Buríður Harpa Sigurðardóttir

formaður Öryrkjabandalagsins

harmar að ungt fatlað fólk sé neytt inn á hjúkrunarheimili innan um háaldrað fólk kjósi það ekki að búa sjálfstæðri búsetu. Hún segir ekki henta ungu fólki að vera á hjúkrunarheimili með fólki sem komið er að lífslokum. Viðræður eru hafnar milli Kópavogsbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um byggingu sjúkrarýma fyrir yngra fólk.



Eyþór Arnalds

óddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

er ósáttur við tillögur meirihlutans í borginni um hámarks hraða-áætlun sem hann segir afar illa ígrundaðar og kostnaðinn við að koma þeim í framkvæmd vanreiknaðan. Eyþór segir að lauslega megi reikna með að tillögurnar muni kosta samfélagið átta milljarða króna á ári vegna aukningar á ferðatíma vegna hraðalækkananna.



Geldingadalir ekki lengur dalir

Hraun hefur fyllt dalina í Geldingadölum og segir jarðvísindamaður hjá HÍ fólki að drífa sig á staðinn, vilji það sjá gígana í návigi, en fara þó að öllu með gát. Hann segir gosið kærkominn lærdóm fyrir marga.

ELDGOS „Stóru tíðindin eru kannski þau að Geldingadalir eru ekki lengur," segir Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, spurður um stöðuna á eldgosinu í Geldingadölum. „Dalirnir eru núna fullir af hrauni."

Þorvaldur segir ákveðinn stöðugleika kominn í gosið og að nú sé innflæði og útlæði jafnara en það var fyrir nokkru. Fyrir rúmum tveimur vikum var innflæði kviku í gosstöðvunum um fimmtán rúmmetrar á sekúndu en útlæðið um tíu rúmmetrar á sekúndu. Yfirþrýstingurinn sem myndaðist varð mögulega til þess að nýjar sprungur opnuðust á svæðinu. Nú, þegar flæðið inn og út sé jafnara, minnki líkurnar á nýjum sprungum eða stækkun þeirra sem fyrir eru.

„Það eru alltaf einhverjar breytingar í gangi, gígarnir halda áfram að mótast og aðlaga sig sveiflum í virkninni," segir Þorvaldur. „Það er minni sprengivirkni og slettur fara ekki eins hátt og þær gerðu, en ásýndin hefur þó breyst," bætir hann við.

Hraun hefur flætt af miklum krafti úr gosinu og segir Þorvaldur að vilji fólk komast í návigi við gígana sé um að gera að drífa sig á staðinn en hann hvetur þó alla til að fara með gát. „Eftir því sem gosið heldur lengur áfram og ílengist þá bætist alltaf í hraunið og þá verður erfðara að komast nálægt," segir hann. Þá segist Þorvaldur telja að hraunið stækki mest í suður og austur en að á endanum fari það að þekja fleiri svæði.

Á hverjum tíma er talið að séu á bilinu 10-20 eldgos í heiminum samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands. Gosið í Geldingadölum hefur vakið mikla athygli bæði hér á Íslandi og víða um heim. Spurður um ástæðu



Hraun hefur flætt úr gígnum í rúman mánuð og fyllt dalina sem voru í Geldingadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Örnefnanefnd fékk tillögur að fögru nafni

Grindavíkurbær, sem óskaði í lok mars eftir tillögum um nafn á gosstöðvarnar í Geldingadölum, sendi örnefnanefnd tvær tillögur til umsagnar. Eru það nöfnin Fagradalshraun og Fagrahraun.

„Gígaröðin sem myndast hefur eftir að eldgos hófst myndi bera sama heiti, Fagradalsgígur og

Fagrahraunsgígur eftir því hvort örnefnið verður fyrir valinu," segir á vef Grindavíkur. „Alls bærust 339 hugmyndir að heiti á hraunið. Þær hugmyndir sem oftast voru nefndar voru í stafrófsröð: Dalahraun, Fagradalshraun, Fagrahraun, Geldingadalshraun, Geldingahraun og Ísólfshraun."

vinsælda þessa goss sérstaklega segir Þorvaldur að þar sé staðsetning þess líklegasta skýringin.

„Aðgengið er mjög gott og miðað við flest önnur gos er þetta hættulit-

ið gos," segir Þorvaldur en minnr þó á að öllum eldgosum fylgi ákveðin hættu, til að mynda vegna gasmengunar. „Þetta gos er staðsett í nálægð við stærstu byggð Íslands og með

góðu móti er hægt að komast tiltölulega nálægt því," segir hann.

Þá segir Þorvaldur gosið hafa vakið áhuga margra á eldgosum og jarðfræði, og sé það jákvætt, sérstaklega fyrir okkur sem búum á eldfjalli. „Ég held að þetta sé kærkominn lærdómur fyrir marga og góð áminning um það að það geti gosið í bakgarðinum hjá Reykvíkingum, það er staðreynd sem margir hafa hundsáð," segir hann.

„Svo hafa margir lært það að tímaskali eldfjalla er ekki sá sami og við erum að eiga við í okkar daglega lífi. 500 ár hjá eldfjalli er bara eins og fyrir okkur að fara í bíó," bætir Þorvaldur við.

birnadrofn@frettabladid.is

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í BYRJUN SUMARS.



PLUG INTO MORE ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER 4xe

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000*

ALVÖRU JEEPI MED 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

ISBAND

UMBODSADILI JEEP OG RAM Á ÍSLANDI · ÍSLENSK-BANDARÍSKA · ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR S. 590 2300 · WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

Jeep 4xe



Fæðingarorlof - þetta þarfu að vita



Fræðslufundur í beinni 28. apríl kl. 20

Þegar von er á barni er mikilvægt að vita hvernig fjármálin verða í fæðingarorlofinu. Á þessum gagnlega veffundum verður rætt um greiðslur, skilyrði, tímalengd og fleira sem gott er að hafa á hreinu.

Skráning á islandsbanki.is/vidburdir



Sex sveitarfélög í valkostagreiðningu

Sameiningar sveitarfélaga eru á fleygiferð þrátt fyrir að líklegra sé að 1.000 íbúa lágmark verði viðmið frekar en skylda. Ráðherra er bjartsýnn á að sameiningar takist en óttast þó að landið sitji uppi með sveitarfélög sem eru of litil til að sinna öllum skyldum sínum.


SVEITARSTJÓRNIR Sveitarfélögum landsins gæti fækkað um hátt í 20 á komandi árum gangi allar þær umleitanir eftir sem nú eru í pípuunum. Í dag eru þau 72 talsins. Þrennar kosningar fara fram á þessu ári, viðræður eru hafnar á tveimur stöðum, sex sveitarfélög eru í valkostagreiðningu og eitt mun sennilega brátt bætast við.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, lagði fram frumvarp um 1.000 íbúa lágmark en hefur nú lagt til við þingnefnd að það verði viðmið. Einnig að sveitarstjórnir sjálfar hafi frumkvæði að umræðu um að ná markmiðinu eftir kosningar.

„Það er jákvætt ef þessar sameiningar ganga eftir,“ segir Sigurður. „En ef við sitjum samt sem áður með mörg litil sveitarfélög, sem hafa sömu skyldur og önnur, mun umræðan verða áfram um hvort sé hægt að flytja verkefni yfir til sveitarstjórnarstigsins.“

Einnig umræða um tvenns konar sveitarfélög, þau sem geta fullnustað skyldu sinni gagnvart íbúum og þau sem það ekki geta. „Það finnst mér vægast sagt óheppilegt,“ segir Sigurður, en er bjartsýnn á að íbúar samþykki fyrirhugaðar sameiningar. „Sifellti fleiri gera sér grein fyrir að þetta snýst um stjórnsýslu og það skiptir máli að hún sé öflug.“ Nefnir hann viðbrögð við aurskrifunum á Seyðisfirði sem dæmi, sem og viðbrögð við faraldrinum.

Róbert Ragnarsson, hjá RR Ráðgjöf sem aðstoðar sveitarfélög við sameiningarferli, segir viðhorfið jákvæðara en áður og nefnir Skagaströnd þar sem kosið verður 5. júní



■ Kosið um sameiningu í ár

■ Viðræður hafnar

■ Valkostagreiðing hafin eða að hefjast

um sameiningu við Austur-Húnavatnssýslu. „Ég man eftir íbúafundi á Skagaströnd árið 2004 þar sem við vorum hreinlega jarðaðir,“ segir Róbert. „Í dag er enn þá óvíst hvort sameiningin verður samþykkt en tónninn er mun jákvæðari og Skagastrendingar búnir að undirbúa sig, til dæmis með að tryggja að starfsemi verði í ráðhúsinu í bænum.“

Sama dag verður kosið um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Samfara alþingiskosningum verður kosið um sameiningu

Ég man eftir íbúafundi á Skagaströnd árið 2004 þar sem við vorum hreinlega jarðaðir.

Róbert Ragnarsson, framkvæmdastjóri RR Ráðgjafar



fimm sveitarfélaga í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Dalamenn hafa hafið viðræður við Húnaþing vestra annars vegar og Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit hins vegar og Langnesmenn ræða við nágretta sína í Svalbarðshreppi.

Vogar, Kjósarhreppur, Vesturbýggð, Strandabýggð, Svalbarðsstrandarhreppur og Reykhólahreppur eru í valkostagreiðningu og Vopnafjarðarhreppur gæti brátt bæst í þann hóp.

Samkvæmt Róberti tekur ferlið

Það er jákvætt ef þessar sameiningar ganga eftir.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



um 12 til 18 mánuði frá greiningu til íbúakosningar og 6 til 12 mánuði að ganga frá sameiningunni sjálfri. Í upphafi eru staða og tækifæri sveitarfélagsins metin og hverju það vill ná fram. Þá tekur við samkvæmismaleikur til þess að sjá hvaða nágrannar hafi sömu sýn og hvernig fjárhagurinn, íbúasamsetningin og samstarfið er nú þegar.

„Á landsbyggðinni skiptir slagkrafturinn gagnvart ríkinu mestu máli. Einkum í samgöngumálum,“ segir Róbert aðspurður hvert sé algengasta markmiðið. „Einnig að vera öflugri í atvinnusókn til að fjárfestar hafi meiri trú á stjórnsýslunni. Að sveitarfélagið geti tekið við stórum verkefnum og klárað þau.“ Öttinn, sem hafi leitt til margra fallinna sameininga í gegnum tíðina, sé hins vegar við að missa áhrif og þjónustu, einkum meðal íbúa á jaðrinum.

Róbert segir íbúalágmark nýs sveitarstjórnarfrumvarps hafa hreyft við mjög mörgum. „Ráðherra kastaði stóru grjóti út í tjörnina og nú eru gáurnar að berast,“ segir hann. kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUSTOFNUN

Ársfundur Orkustofnunar 2021

sendur út á www.os.is
29. apríl 14:00 - 16:30

DAGSKRÁ

- 13:45 **Mæting**
- 14:00 **Ávarp ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
- 14:15 **Ávarp orkumálastjóra**
Dr. Guðni A. Jóhannesson
- 14:30 **Orkustefna, Green Deal og áherslur hjá Orkustofnun Danmerkur**
Kristoffer Böttzauw, forstjóri Orkustofnunar Danmerkur
- 15:00 **Áskoranir í uppbyggingu dreifikerfis raforku**
Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets
- 15:15 **Kaffihlé**
- 15:20 **Orkusjóður helstu áherslur**
Ragnar K. Ásmundsson Ph.D. verkefnisstjóri, Orkusjóður og orkuverkefni
- 15:35 **Síðustu vígi jarðefnaeldsneytis á Íslandi**
Sigurður I. Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkusetsurs
- 15:50 **Orkan og skjölin**
Þórunn Erla Sighvats, sérfræðingur, upplýsingamál, Orkustofnun
- 16:00 **Orkuskipti í samgöngum**
Þorvaldur Bragason, verkefnisstjóri gagnamál, Orkustofnun og Sigurður E. Hjaltason, sérfræðingur, gagnagrunnar, Orkustofnun
- 16:15 **Fundarlok**
Fundarstjóri: Hanna Björk Konráðsdóttir, lögfræðingur, Orkustofnun

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík
Sími 569-6000 - www.os.is

Yfir 80 milljarðar króna í stuðning

EFNAHAGSMÁL Samtals hafa riflega 80 milljarðar króna verið greiddir í fjölbreyttan stuðning sem tengist úrræðum stjórnvalda vegna faraldursins síðustu mánuði. Þá eru ekki taldar með heimildir sem veittar hafa verið til útgreiðslu séreignarsparnaðar og aukinnar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna ýmissa framkvæmda. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins.

Á fimmta þúsund rekstraraðilar og nærri fjórutíu þúsund einstaklingar hafa notið stuðningsins.

Tæplega tíu milljarðar króna hafa verið greiddir í tekjufallstyrki sem ætlað er að aðstoða rekstraraðila, þar með eru taldir einyrkjar. Fjöldi umsækjenda sem þá styrki hafa fengið er um tvö þúsund.

Rúmí tveir milljarðar króna hafa að auki verið greiddir í viðspyrnustyrki til um tvö þúsund umsækjenda.

Skatturinn annast utanumhald og greiðslur vegna úrræðanna; hafa alls borist um 4.700 umsóknir um þau og hafa um 85 prósent þeirra verið afgreidd.



Hársnyrtistofur voru í hópi þeirra fyrirtækja sem loka þurfti í tvígang. Lokunarstyrkirir voru meðal annarra ætlaðir þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá hafa tæpir 2,4 milljarðar króna verið greiddir í lokunarstyrki.

Rúmlega 13.000 einstaklingar fengu hlutabætur á fyrsta ársfjórðungi og fór þeim heldur fækkaði þegar leið á tímabilið og voru karlar 59 prósent þeirra sem þær fengu.

Um miðjan apríl hafa verið veittir 9,5 milljarðar króna í stuðnings- og viðbótarlán til um eitt þúsund aðila. Veittir hafa verið frestir á skatt-

greiðslum að fjárhæð 10,2 milljörðum frá því úrræðið stóð til boða.

Endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna framkvæmda og viðgerða af ýmsu tagi nema samtals um sjö milljörðum króna. Stærsti liðurinn, nýbyggingar og viðhald íbúðarhúsnæðis, nemur rúmlega fimm milljörðum. Endurgreiðslur vegna bifreiðaviðgerða einstaklinga nema 340 milljónum. – jþ

Farþegar skikkaðir í sóttvarnahús

COVID-19 Farþegar frá ellefu Evrópulöndum geta ekki sótt um undanþágu frá dvöl í sóttvarnahúsi en löndin eru Andorra, Frakkland, Holland, Króatía, Kýpur, Litháen, Pólland, San Marínó, Svíþjóð, Tyrkland og Ungverjaland.

Einnig er farþegum frá Barein, Bermúda, Curacao, Púertó Ríkó og Úrúgvæ gert að sæta sóttkví í sóttvarnahúsi. Í þessum löndum hefur nýgengni smíts síðastliðnar tvær vikur verið 700 eða meira á hverja hundrað þúsund íbúa.

Farþegar frá sextán öðrum löndum þurfa einnig að vera í sóttkví



Farþegar frá sextán löndum þurfa að fara í sóttkví í sóttvarnahúsi.

í sóttvarnahúsi en geta sótt um undanþágu til sóttvarnalæknis. Á þeim lista eru lönd á borð við Eistland, Grikkland, Tékkland, Ítalíu, Serbíu og fleiri.

Í þessum löndum er nýgengi smíts á bilinu 500 til 699 á hverja hundrað þúsund íbúa síðustu tvær vikur.

Um er að ræða lægri viðmið en boðuð voru í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu í vikunni þar sem lönd voru talin vera hááhættusvæði ef nýgengið væri 1.000 tilfelli á hverja hundrað þúsund íbúa síðustu tvær vikur. – kdi



Way of Life!

SUZUKI SWIFT

FJÓRHJÓLADRIFINN*, FRAMHJÓLADRIFINN,
HYBRID, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR



Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseiginleikar, afl, sparnefni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift

KOMDU Í HEIMSÓKN
OG VELDU SWIFT
SEM HENTAR ÞÉR

VERÐ FRÁ KR.
2.830.000

*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Sigurður Atli gerður að heiðurskonsúl í Kasakstan


UMHVERFISMÁL Sigurður Atli Jónsson, varaformaður Arctic Green Energy, var á fimmtudag gerður að heiðurskonsúl í Kasakstan. Hann segir þetta bæði heiður og starf, sem sé þó ólaunað. Tilgangurinn sé að styrkja tengingu landanna tveggja.

Eins og annars staðar er mikill áhugi hins víðfeðma fyrrverandi Sovétlýðveldis að ná árangri í loftslagsmálum og horft til jarðvarma til að ná settum markmiðum. Sigurður segir töluverðan jarðhita í landinu þó enn sé mikið starf óunnið.

„Íslensk ráðgjafarfirmir hafa

komið að rannsóknum í landinu sem Alþjóðabankinn hefur stutt við,“ segir Sigurður. „Grunnupplýsingar liggja fyrir og við erum að byggja á því.“ Hann segir ekki aðeins verið að kanna auðlindina sjálfa heldur einnig regluverk landsins þegar kemur að nýtingu.

Í Kasakstan sé horft til þess að nýta jarðvarma á lághitavæði til hitunar. „Húshitun er svo stór hluti af orkunotkuninni, allt að helmingur í hverju landi, og orkuskiptin því stór breyta í loftslagsbaráttunni,“ segir Sigurður. – khg



Háteigs
kirkja

Aðalsafnaðarfundur 2021

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar,
verður haldinn sunnudaginn 9. maí n.k.
í Safnaðarheimili kirkjunnar kl.12.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknamefnd.



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Viltu aðstoð frá góðum granna?

Unga fólk í verkefninu [Margar hendur vinna létt verk](#) vill aðstoða ykkur í sumar.

Við hjá Landsvirkjun höfum árum saman starfrækt sumarvinnuflokka sem sinna uppbyggingu og februn starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis. Jafnframt taka flokkarnir að sér ýmis samstarfsverkefni með nágrönnum okkar vitt og breitt um landið.

Við bjóðum fram vinnu samvinnuhópa og verkstjórn í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí og má nálgast umsókn og allar nánari upplýsingar á [landsvirkjun.is](#).

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.

Landsvirkjun



Í glistiskýli velferðarsviðs Reykjavíkur á Lindargötu eru 25 gistipláss fyrir heimilislaus karlmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafna einkavæðingu í velferðarþjónustunni

Tillaga um að útvista verkefnum hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til einkaaðila var kolfelld. Hugmyndin um að fé fylgi þjónustuþega gæti opnað á möguleika einkaframtaksins, segir í tillögunni frá fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

REYKJAVÍKURBORG „Mikilvægt er að byggja upp og efla þjónustu velferðarsviðs en ekki að markaðsvæða hana,“ segir í bókun Sunnu Magdalenu, borgarfulltrúa Sósíalístaflakksins, sem eins og fulltrúar meirihlutaflakksins í borgarstjórn og fulltrúi Flokks fólksins greiddi atkvæði gegn því að útvista þjónustu velferðarsviðs til einkaaðila.

Það var Egill Þór Jónsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem lagði tillöguna fram í velferðarráði borgarinnar. Segir í tillögunni að kanna ætti leiðir til að útvista þjónustu velferðarsviðsins með það að markmiði að stytta biðlista, bæta þjónustu og auka hagkvæmni í rekstri borgarinnar.

„Hugmyndin um að fé fylgi þjónustuþega gæti opnað á möguleika einkaframtaksins í þjónustu við borgarbúa með góðum árangri og bættri þjónustu. Sem dæmi væri hægt að skoða möguleika á samstarfi við einkaaðila er við kemur líkamsrækt eldri borgara, matarþjónustu og stuðningsþjónustu við fatlað fólk svo eitthvað sé nefnt,“ segir í tillögu Egils.

Tillagan var felld með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalístaflakks Íslands, og Flokks fólksins gegn atkvæði Egils.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna bókðu að í meirihlutasáttmála þessara flokka með Viðreisn sé meginregla að borgin sinni velferðarþjónustu en haldi áfram samvinnu við félög og hagsmunasamtök sem veiti mikilvæga velferðarþjónustu með samningum við borgina.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, bókaði að

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs Reykjavíkur

Rekna eru fimm þjónustumiðstöðvar á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgarar. „Þær bjóða upp á fjölbreyttan stuðning, ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, veita sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum og sinna verkefnum á sviði forvarna og félagsauðs. Þar er hægt að sækja um félagslega ráðgjöf og stuðning til virkni, fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnaðisstuðning, heimþjónustu og heimahjúkrun og margt fleira. Miðstöðvarnar reka búsetuúræði fyrir fatlað fólk, félagsstarf fyrir fullorðna auk ýmissa sérverkefna sem taka mið af þörfum íbúa,“ segir á vef borgarinnar.



Þjónustumiðstöðin Álfabakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Enginn tekur að sér að reka fyrirtæki nema til að hagnast á því og því maka margir krókinn í gegnum rekstur og verkefni sem borgin útvistaði.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins



gallar við útvistun væru fleiri en kostir. „Stundum er þjónusta hreinlega slæm og illa komið fram við fólk en yfirvöld máttlaus því þau eru búin að afsala sér ábyrgðinni á verkefninu og uppbyggð reynsla hefur tapast með útvistuninni. Enginn tekur að sér að reka fyrirtæki nema til að hagnast á því og því maka margir krókinn í gegnum rekstur og verkefni sem borgin útvistaði,“ bókaði Kolbrún.

„Það eru vonbrigði að það sé ekki pólitískur vilji til að kanna þann möguleika að útvista þjónustu með það að markmiði að bæta þjónustu við borgarbúa. Það liggja tækifæri í því að auka hagkvæmni og fá atvinnulíf til að sjá um þjónustu við borgarbúa,“ segir í bókun sem Egill lagði fram eftir að tillaga hans var felld. [gar@frettabladid.is](#)

Rými mætir framúrskarandi tækni.

Nýr Kia Sorento Plug-in Hybrid.



Movement that inspires

Við kynnum nýja kynslóð Kia Sorento. Nýr fjórhjóladrifinn, 7 manna Kia Sorento Plug-in Hybrid. Allt að 57 km drægi á rafmagni, kraftmikill og ríkulega búinn nýjasta tækni- og öryggisbúnaði. Klár í hvað sem er. Upplifðu meiri þægindi fyrir þá sem skipta máli.

Það er opið í dag frá kl. 12-16 hjá Kia á Krókhálsi 13.

Kíktu við eða pantaðu reynsluakstur á kia.is eða í síma 590 2100. Við tökum vel á móti þér.


Kia Sorento Plug-in Hybrid verð frá:

8.590.777 kr.


1.6 T-GDi + rafmótor, fjórhjóladrifinn, 6 þrepa sjálfskipting, 7 manna, 265 hð.

Afborgun á mánuði 59.718 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir



*Forsendur ábyrgðar eru reglugestir þjónustuférlit sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd. **m.v. 50% imborgun og lán til 84 mána. Vestr. 4, 10%. Hæðargreidda lán er 4.344.765 kr. Aflgj. hlutféllala kosnaðar er 4,77%.

FUNDARBOÐ

Aðalfundur MS-félags Íslands



Rafrænn aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn mánudaginn 10. maí kl. 17:00. Skráning er nauðsynleg og fer hún fram á heimasíðu félagsins.

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Óskað er eftir framboðum til formanns, stjórnar og nefnda. Framboð skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn og hafa greitt árgjald til félagsins.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.msfelag.is. Við hvetjum félagsmenn um land allt til að taka þátt.

Virðingarfyllst, Stjórn MS-félags Íslands



Styrkir úr Tónlistarsjóði

Umsóknarfrestur til 3. maí

Tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum til verkefna sem framkvæmd verða á tímabilinu: 1. júlí – 31. desember 2021.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Umsóknarfrestur rennur út 3. maí 2021 kl. 15.00*.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannís,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800
tonlistarsjodur@rannis.is

*Ath. breytta lokunartíma sjóðs.



PHOTOSHOOTUR GRIFFIN, NANNAN



Alberto játaði að hafa myrt móður sína í íbúð hennar í Ventas-hverfi Madrid-borgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Játaði að hafa myrt og borðað mómmu sína

Réttarhöld yfir hinum 28 ára Alberto Sanches Gomes standa nú yfir á Spáni. Hefur játað að hafa myrt móður sína og borðað hluta hennar. Alberto segir mannátið reyndar einungis hafa verið til að losna við líkið og verksummerki.

SPÁNN Spánverjinn Alberto Sánchez Gomez er nú fyrir rétti en hann er sakaður um að hafa myrt, bútað niður og borðað móður sína árið 2019. Þetta er haft eftir fjölmiðlum á Spáni.

Alberto hefur sjálfur játað að hafa myrt móður sína, Mariu Soledad Gomez, í íbúð þeirra í Ventas-hverfinu í Madrid og síðar bútað hana niður.

Lögglumenn lýstu í réttarsal aðkomunni að íbúð móðurinnar þegar uppvist varð um glæpinn. Alberto tók þá á móti þeim og sagði að móðir hans væri látin.

Þegar inn var komið fundust líkamsleifar Mariu á við og dreif um íbúðina. Þær voru sumar vafðar í plast, höfðu verið settar í ísskáp eða lágu matreiddar í pottum og ofni í

» Höfuð Mariu Soledad Gomez og hendur fundust í svefnherberginu ásamt hjarta hennar sem lá í iláti ásamt gaffli.

eldhúsinu. Höfuð Mariu og hendur fundust í svefnherberginu ásamt hjarta hennar sem lá í iláti ásamt gaffli.

Alberto, sem hefur fengið viðurnefnið „mannætan í Ventas“ hefur játað að hafa eldað hluta af líkamsleifunum, gefið fjölskylduhundinum hluta þeirra og sjálfur borðað aðra hluta hráa. Öðrum leifum henti hann í ruslið.

Lögglumenn segja að Gomez hafi verið mjög rólegur þegar þá bar

að garði. Hann hafi talað um málið líkt og um hversdagslegan hlut væri að ræða en þó lýst yfir áhyggjum af því hvernig hundur hans hefði það.

Að sögn Alberto greip hann þó aðeins til þessara ráða til að losa sig við líkið og verksummerkin. Hann sagðist ekki sjá eftir neinu þar sem móðir hans hefði „gert lífið óbærilegt“.

Í réttarhöldunum sagðist Alberto hafa heyrt raddir sem sögðu honum að drepa móður sína. Hann hefði búið á götunni eftir að Maria fékk sett nálgunarbann á hann.

Verði Alberto fundinn sekur biður hans fimmtán ára fangelsisdómur fyrir morðið á Mariu og fimm mánuðir að auki fyrir að hafa svívirrt lík hennar.

arnartomas@frettabladid.is

Bágt ástand fer versnandi á Indlandi

INDLAND Um 332 þúsund greindust smituð af COVID-19 á Indlandi í gær og 2.263 dauðsföll voru skráð af völdum veirunnar.

Það er mesti daglegi fjöldi tilfella og dauðsfalla af völdum veirunnar þar í landi síðan faraldurinn hófst. Alls hafa 16 milljónir greinst með veiruna á Indlandi og 187 þúsund látist af völdum hennar.

Heilbrigðiskerfið í landinu er að þrotum komið og fjöldi spítala annar ekki eftirspurn eftir sjúkrarýmum eða súrefnisbirgðum. Hæstiréttur Indlands hefur sagt að neyðarástand ríki í landinu.

Sjúkrahús í Delí vörðu í gær við því að súrefnisbirgðir þeirra væru senn á þrotum og biðluðu til stjórnvalda um aðstoð. Fjöldi fólks hafði þá lýst yfir að vandamenn þess þörfuðust bráðrar aðstoðar.

Súrefnisgeymar hafa verið sendir með lestum í massavís til þeirra svæða sem verst eru stödd til að reyna að létta á ástandinu. Skorturinn er svo mikill að á sumum stöðum hefur vopnað gæslulið verið sent með til að gæta birgðanna þar sem borðið hefur á þjófnaði á geymunum.



Fjöldabrennslur tíðkast nú vegna fjölda látinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Alls hafa 16 milljónir greinst með veiruna á Indlandi og 187 þúsund látist af völdum hennar.

Margir hafa tekið upp á því að flýja stórborgirnar til að sækjast eftir sjúkrahúsið í dreifbýlinu, en lækna þar segjast hvorki eiga rými né birgðir til að taka á móti fleiri smituðum.

Þá hafa líkbrennslustöðvar skipulagt fjöldabrennslur sökum gríðarlegs fjölda látinna. – atv

Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.



VORBOÐINN LJÚFI ER MÆTTUR

FYRSTA SENDING ÁRSINS AF BRENDERUP KERRUM KOMIN

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.

Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



Íðnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagördum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Skipt um takt



Hörður
Áegisson
hordur@frettabladid.is

Það eru að verða þáttaskil. Faraldurinn, sem hefur lamað allt samfélagið í meira en ár, er senn að baki og fram undan er tími efnahagslegrar endurreisnar. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda hafa heilt yfir heppnast vel – beinn stuðningur í gegnum ríkisfjármálin hefur numið 10 prósentum af landsframléiðslu – og dregið mjög úr áhrifum áfallsins, bæði fyrir heimilin og atvinnulíf, og þannig komið í veg fyrir hrinu gjaldþrota. Til marks um það hefur vanskilahlutfall fyrirtækjalána hjá bönkunum nánast staðið í stað frá því í árslok 2019. Vegna vægis ferðaþjónustunnar mælist atvinnuleysið hins vegar enn um 11 prósent en það ætti að minnka hratt þegar atvinnugreinin nær vopnum sínum á ný síðar á árinu.

Nýtt álit frá AGS í vikunni undirstrikar þann árangur sem náðst hefur en bendir um leið á hvað betur megi fara nú þegar við sjáum fram úr kófinu. Sterk staða þjóðarbúsins og ríkissjóðs, eftir að hafa nýtt góðu árin í að greiða niður skuldir, gerði okkur kleift að halda stórum hluta hagkerfisins í gjörgæslu á meðan faraldurinn hefur staðið yfir en núna þarf að fara að skipta um takt. Í stað þess að áherslurnar séu á neyðarástöð til fyrirtækja og heimila, sem þær hafa réttilega verið, fer að verða mikilvægara að einblína á almennari áðgerðir sem miða að því að efla samkeppnishæfni og skapa ný störf. Eigi það að takast þarf að horfa til þess, að mati AGS, að endurskoða vinnumarkaðslíkanið í því skyni að tengja betur saman launþróun og framleiðni. Þar er mikið verk fyrir höndum.

Sögulega séð hefur Íslendingum ekki farnast að fara að fordæmi annarra þjóða á Norðurlöndunum og semja um launahækkanir sem taka mið af verðmætasköpun hagkerfisins. Niðurstaðan af því er að á síðustu tveimur áratugum hafa launahækkanir hér verið um þrefalt meiri en á hinum Norðurlöndunum, verðbólga fjórfalt meiri og vaxtastig fimmfalt hærra. Margt gefur til kynna að við ætlum enn að fylgja þessari leið. Launavísitalan hefur hækkað um ellefu prósent milli ára og verðbólga fer vaxandi og mælist yfir fjögur prósent. Hækkandi launakostnaður skiptir þar miklu, og mun hafa enn meiri áhrif á verðlagsþróunina – og þá um leið vexti – á komandi misserum. Vandinn er sá, eins og Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins og fyrrverandi þingmaður Viðreisnar, nefndi í viðtali við Markaðinn í vikunni, að hin nýja forysta verkalyðshreyfingarinnar hafnar efnahagslegum veruleika. Staðan á vinnumarkaði er því tífandi tímasprengja.

Skiptir alþjóðleg samkeppnishæfni Íslendinga máli? Stundum mætti ætla að svo væri ekki, einkum nú á tímum farsóttar þegar buið er að telja mörgum trú um að þjóðin geti vel við unað í lokuðu hagkerfi – og eina sem þurfi að ákveða sé ráðstöfun gæðanna. Staðreyndin er sú að þótt Ísland sé eyriki þá eigum við – fyrirtækin sem hér starfa og skapa verðmætasköpunina – í harðri samkeppni um vinnuafli og fjármagn og því getum við tæpast markað okkar eigin launastefnu óháð öðrum nágrannabjóðum án afleiðinga. Umbætur á þessu sviði eru forsenda meiri fjölbreytni í hagkerfinu með nýjum gjalddeyrisskapandi atvinnugreinum.



Staðan á vinnumarkaði er því tífandi tímasprengja.



Hjólhýsi.com

Getum útvegað eftirfarandi Hobby hjólhýsi beint frá Þýskalandi.

- Excellent 620 CL
- Excellent 650 UMF
- Excellent 540 WLU

Nánari upplýsingar: Kriben@simnet.is - Sími: 8634449

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Tvennutilboð í himinhvolfunum

Ég öfunda æskuna sem nú er að komast til manns. Að velja sér sjálf í dag er eins og að panta sér kaffi á Starbucks. Þú mátt vera hvað sem er. Ég ætla að fá einn latte „grande“, með auka skoti, möndlumjólk, agavesirópi og súkkuláðisþónum. Sjálf er ég af kynslóð sem er svo einkennalaus að hún fékk ekki nafn fyrr en á síðasta ári þegar orðinu „xennial“ var bætt við ensku Oxford-orðabókina. Líkt og nafnið sem okkur var gefið einkennist tilvist okkar af því sem við erum ekki. Við erum ekki alveg „millennials“ því þótt við kaupum avókadó í Krónunni og pöntum kraftbjór á barnum langar okkur innst inni heldur til að smyrja rækjusalat í súrdeigsbrauðið okkar og drekka Fosters úr dós uppi í sófa yfir línulegri dagskrá. Við erum ekki heldur X-kynslóðin af því að: a) Það er okkur jafnhulin ráðgáta hvar við vorum stödd þegar Olaf Palme var myrtur og „hver drap Lauru Palmer“; og b) Þótt Greta Thunberg fari nett í taugarnar á okkur böggar Brynjar Nielsson okkur meira.

Ég hef ekki hugmynd um hver ég er. Rétt eins og líf margra þeirra sem fædd eru undir lok 8. áratugarins og við upphaf þess 9. – fólks sem fór í gegnum mótunarárin í of stórum flónelskyrtum úr Vinnufatabúðinni með lykklakippu með mynd af Kurt Cobain í símalausum vasanum og vasadiskó í Jansport-bakpokanum sem spilaði stanslaust lög um tilgangsleysi alls ef batterið hefðu ekki alltaf verið að klárast – hefur líf mitt verið ein stór póst-móðernísk tilvistarkeppa.

En þótt ég viti ekki hver ég er veit ég eitt: Ég kys að skilgreina mig sem kapitalista. Sem slíkur hef ég lesið hugfangin nýleg viðtöl við mæta menn úr atvinnulífinu. Í einu slíku gagnrýndi fráfarandi framkvæmdastjóri Domino's á Íslandi launahækkanir síðustu kjarasamninga og sagði sligandi launakostnað valda því að æ fleiri fyrirtæki í veitingarekstri þyrftu að borga laun svart. Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, tók í sama streng í vikunni og sakaði

verkalýðsforystuna um að „hafna efnahagslegum veruleika“ í kjaraviðræðum en slíkt væri „eins og að hafna þyngdarlögmálinu“.

Ég fann til samúðar með mínum mönnum. En svo fór krónísk tilvistarkreppan að segja til sín. Er raunverulega ekki hægt að halda efnahagslífinu gangandi öðruvísi en að starfsfólk þitsustaða niðurgreiddi tvennutilboði mitt með launakjörum sínum? Við lifum á tímum flæðandi fjölbreytileika þar sem þú ert ekki – eins og þegar ég var ung – það sem þú borðar heldur það sem þú segist vera. En er ekki fulllangt gengið að atvinnurekendur skilgreini lögbrot sem rekstrarúrræði? Og sama hvað hagfræðingar reyna að skilgreina sig sem raunvísindafólk verður hagfræði alltaf félagsvísindi. Við ráðum hvort við aðhyllumst Keynes eða Hayek en ef við ákveðum að slaufa Newton af því að hann var skíthæll í lifanda lífi mun eplið ekki svífa upp á við.

Gamaldags tvíhyggja

Hinn 5. janúar árið 1914 tvöfaldaði Ford-bilaverksmiðjan laun starfsfólks síns. „Það er trú okkar að jöfnuður byrji heima fyrir“, sagði gjaldkeri fyrirtækisins. Dagblaðið „The Wall Street Journal“ fordæmdi uppátækið og sakaði Ford um að „beita lögmálum Biblíunnar þar sem þau ættu ekki við“, og „gera efnahagslegt glappaskot sem jaðraði við glæp“. Á tveimur árum tvöfaldaði Ford hagnað sinn.

Sjálfíð hleypir nú hömum. Við þurfum ekki einu sinni að vera annað hvort eða; við getum verið kynsegin. Samfélag okkar er hins vegar enn fast í gamaldags tvíhyggju, trú á að velsæld verkamannsins geti aðeins verið á kostnað kapitalistans. En við þurfum ekki að móta samfélagið eftir gömlum kennslubókum í hagfræði. Þótt við hættem því myndi þyngdarlögmálið ekki gefa sig og við svífa bjargarlaus upp í himinhvolfin með fokdýra þitsusneid í höndunum. Sama hvað Þorsteinn Víglundsson segir.



X3

PLUG-IN HYBRID



ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

BMW X3 PHEV. Verð frá: 8.490.000 kr.

Nýr, fjórhjóladrifinn BMW X3 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

Kynntu þér fjórhjóladrifna BMW X1, X3 og X5 Plug-in Hybrid og bókaðu reynsluakstur á bl.is

www.bmw.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
4612533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



* Drengi mibostvá uppgæfir hölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP stöðli um dragi í raunvegulegum aðstæðum. ENNEM / SIA / NMO0604



DUAL

Borðstofustóll.
Grátt, gænt, eða svart sléttflauel.

27.192 kr. ~~33.990 kr.~~

ANDREW

Borðstofustóll.
Grátt, brúnt eða
svart bonded leður.



19.992 kr. ~~24.990 kr.~~



IDdesign

ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart eða ljósgrátt leður og blátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

Stóll í áklæði

71.992 kr. ~~89.990 kr.~~

Stóll í leðri

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

Skemill í áklæði

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

Skemill í leðri

31.992 kr. ~~39.990 kr.~~



MEXICO

Hægindastóll á snúningsfæti.
Grátt eða sinnepsgult sléttflauel.

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

ANDRUP

Vandaður hægindastóll. Sæti og bak úr svörtu leðri. Grind og fætur olíuborinni eik eða svartri.



151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

**20% AFSLÁTTUR
AF SMÁVÖRU FRÁ**

b
BROSTE
COPENHAGEN

NORDAL

Bitz

evasolo

Verti

by Sommer

ZONE

KAY
BOJESSEN
DENMARK

bodum

Medusa
Copenhagen



eva solo



VERTI VEGGVASAR – FYRIR HVAÐ SEM ER

15x15 cm 4.392 kr 5.490 kr stk.
30x30 cm 6.792 kr 8.490 kr stk

EVA SOLO SVUNTA

15.192 kr 18.990 kr

NORDAL
CREATING HOMES WITH ATTITUDE




NORDAL PORTO KARFA

32x40 cm 5.592 kr 6.990 kr

BITZ DISKAR

17 cm / 21 cm 9.592 kr 2.290 kr
27 cm 2.632 kr 3.290 kr



Bitz


Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga


Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.



LOKAHELGIN



DANSKIR DAGAR

20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*



EGSMARK

Ný og einstök lína í dönskum hönnunarhúsgögnum. 2ja og 3ja sæta sófar og hæginda-stóll. Fáanlegir í retro grænu áklæði en hægt er að sérpanta í dökk- og ljósgráu og svörtu áklæði og brúnu leðri. Eftirtektarverðir fætur úr eik en þeir ganga utanvert upp á bakið og styðja þar við.



2 sæta: 216 x 76 x 76 cm

159.992 kr. -199.990 kr.

3 sæta: 151 x 76 x 76 cm

223.992 kr. -279.990 kr.

Stóll: 86 x 76 x 76 cm

127.992 kr. -159.990 kr.



ABSALON

2ja og 3ja sæta sófar úr svörtu split leðri. Grind og fætur úr olíuborinni eik.



2ja sæta: 147 x 83 x 84 cm

183.992 kr. -229.990 kr.

Stærð: 206 x 83 x 84 cm

231.992 kr. -289.990 kr.

SINGLE

Stílhreint stækkanlegt borð-stofuborð. Fáanlegt viðarlitt með hvítri plötu eða svörtum gegnheilum viði með hvíta plötu. Tvær (48 cm) stækkanir fylgja (geymast inni í borðinu).



Svart/hvítt: 80 x 120/216 x 76 cm.

55.992 kr. -69.990 kr.

Svart/hvítt: 90 x 180/276 x 76 cm.

63.992 kr. -79.990 kr.

Viðarlitt/hvítt: 80 x 120/216 x 76 cm.

59.992 kr. -74.990 kr.

Viðarlitt/hvítt: 90 x 180/276 x 76 cm.

71.992 kr. -89.990 kr.




Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is

* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Stephanie Frappart verður við störf á EM í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frappart ryður brautina áfram

FÓTBOLTI Franski dómari Stephane Frappart verður í sumar fyrsta konan til að dæma í lokakeppni á Evrópumóti karla í fótbolta. Frappart mun sinna störfum sem vara-dómari og fjórði dómari í leikjum á mótinu.

Síðastliðin tvö ár hefur Frappart verið fyrsta konan til þess að dæma í Meistaradeild Evrópu í karla-flokki, í efstu deild í Frakklandi og svo í undankeppni HM karlamégin.

UEFA tilkynnti svo í dag að Dublin muni ekki hýsa leiki á mótinu. Leikirnir sem áttu að fara fram þar verða spilaðir í Pétursborg annars vegar og á Wembley hins vegar.

Ástæðan er sú að Dublin getur ekki ábyrgt að þeir geti tekið á mótinu nógu mörgum áhorfendum. Sama ástæða var fyrir því að þeir leikir sem átti að spila í Bilbao voru færðir til Sevilla. – hó

Hilmar Árni ekki á förum

FÓTBOLTI Hilmar Árni Halldórsson framlengið í vikunni samning sinn við knattspyrnudeild Stjórnunnar.

Samningur Hilmars Árna við Stjórnuna gildir til þriggja ára. Hilmar Árni gekk til liðs við Stjórnuna frá Leikni fyrir tímabilið 2016.

Á þeim fimm leiktíðum sem Hilmar Órn hefur leikið með Stjórnunni hefur hann skorað 53 deildarmörk fyrir Garðabæjarliðið.

Stjarnan mætir einmitt Leikni í fyrstu umferð Íslandsmótsins á Samsung-vellinum 1. maí næstkomandi. – hó



Már Gunnarsson eftir sundið í gær.

Már bætti met á fyrsta mótsdegi

SUND Már Gunnarsson, sundmaður frá Keflavík sem syndir fyrir ÍRB, setti Íslandsmet í 200 metra bak-sundi, en hann syndir í flokki S11.

Már synti á tímanum 2:33,76 sekúndum á fyrsta hluta Íslandsmótsins í sundi sem hófst í Laugardalslaug í gær og bætti þar af leiðandi eigið met.

Mótið heldur síðan áfram í dag og lýkur svo á morgun.

Sökum sóttvorna eru áhorfendur ekki leyfðir á mótinu en hægt er að horfa á beint streymi frá mótinu á Youtube-rás Sundsambands Íslands. – hó

Grét eins og lítið barn þegar titillinn var loksins í höfn

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir náði í vikunni þeim afar langþræða áfanga að verða sænskur meistari í blaki. Fyrir á tímabilinu var Jóna Guðlaug valin í lið ársins en það úrvalslið er valið af leikmönnum og þjálfurum deildarinnar. Fyrir sjö árum var hún nærri því að hætta blakiðkun þegar kallið kom frá Svíþjóð.

BLAKI Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir varð í vikunni sænskur meistari í blaki en þar með varð hún þrífaldur meistari með liði sínu Hylte/Halmstad á nýafstöðnu keppnistímabili. Jóna Guðlaug hefur leikið á sænskri grundu síðastliðin sjö ár en þar hefur henni ekki tekist að verða sænskur meistari fyrir en nú.

Jóna Guðlaug, sem er uppalin í Neskaupstað, var fyrir á þessu tímabili valin í lið ársins í sænsku úrvalsdeildinni, en það lið er valið af leikmönnum og þjálfurum deildarinnar.

„Ég var búin að vera í öðru og þriðja sæti og var farin að halda að ég myndi aldrei ná að landa þeim stóra. Það var því mikill tilfinningarússíðani þegar titillinn var í höfn og ég hágrét bara eins og barn þegar sigurinn var í höfn.“

Það er ákveðið spennufall í gangi núna nokkrum dögum eftir að við höfðum betur í úrslitaleiknum. Ég verð eiginlega bara að viðurkenna að ég er enn í skýjunum og verð þar eitthvað áfram,“ segir Jóna Guðlaug, um tilfinninguna að hafa orðið sænskur meistari.

„Fyrir sjö árum síðan var ég búin að spila sem atvinnumaður í Frakklandi, Sviss og Þýskalandi og var jafnvel á því að hætta bara í blakinu. Ég var orðin þreytt á að vera að flakka á milli landa og var að leita að einhverjum stöðugleika.“

Þá fékk ég tölvupóst frá Svíþjóð þar sem ég var spurð hvort ég vildi koma þangað að spila og ég ákvað bara að slá til. Ég sé alls ekki eftir því, þrátt fyrir að sænska deildin sé ekki sú besta í Evrópu þá get ég spilað sem atvinnumaður hérna og mér líður ofboðslega vel.

Svo er maðurinn minn líka í blaki en hann var kjörinn besti blak-



Blakkonan Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir með sigurveðlaunin. MYND/ADSEND

maður deildarinnar nýverið og varð einnig sænskur meistari í vikunni. Það er því bitist um athyglina á heimilinu þessa stundina og mikil gleði í gangi.

Það er talað um lítið annað en

blak á heimilinu og í rauninni er það mjög gott að ég búi með manni sem skilur það hversu mikinn tíma og orku blakið tekur á hverjum degi,“ segir þessi metnaðarfulla blakkona.

„Það skemmdi ekki fyrir að við

Þegar ég kem niður úr skýjunum bleiku ætla ég að einbeita mér að strandblakinu. Mig langar að færa mig úr innblakinu í strandblakið næstu mánuðina og ég sé svo til hvað ég geri næsta haust.

vorum að velta af stalli erkifjanda okkar, Engelholms, sem hefur orðið meistari síðustu sex árin. Þetta var því langþræður sigur fyrir mig persónulega og félagið sjálft. Þessu hefur verið vel fagnað síðustu dagana og mjög gaman að taka þátt í því,“ segir hún.

„Þegar ég kemst niður úr skýjunum bleiku ætla ég að einbeita mér að strandblakinu. Mig langar að færa mig úr innblakinu yfir í strandblakið næstu mánuðina og ég sé svo til hvað ég geri næsta haust. Nú er ég á leiðinni með liðsfélaga mínum í strandblakinu, Thelmu Dögg Grétarsdóttur, á mótardöðina á ítalska meistaramótinu.“

Það er mjög mikill áfangi að komast inn á þá mótardöð og við erum mjög spenntar fyrir því að spila þar. Við ætlum að reyna að komast inn á eins mörg alþjóðleg mót og við getum næstu mánuðina.

Markmiðið er að freista þess að komast inn á Ólympíuleikana sem fram fara í Tókýó í ágúst. Það er algerlega raunhæft að komast þangað en fer bara eftir því hversu mörgum mótum við náum að taka þátt í og hvernig okkur gengur þar,“ segir Jóna um framhaldið.

hjrvar@frettabladid.is

Telja breytinguna auka hættuna á meiðslum

FÓTBOLTI Pep Guardiola og Jürgen Klopp, knattspyrnustjórar Manchester City og Liverpool, voru báðir inntit álitis á fyrirhuguðum breytingum á Meistaradeild Evrópu sem munu koma til framkvæmda á næsta keppnistímabili.

Þar verður leikjum í riðlakeppni deildarinnar fjölgað úr sex í tíu en kollegarnir eru ekki þar sáttrir við þá breytingu.

„Ég veit ekki hvar í dagatalinu það á að koma þessum leikjum fyrir. Eins og staðan er núna fá bestu leikmenn heims sex daga frí eftir langt og strangt keppnistímabil áður en þeir fara í landsliðsverkefni,“ segir Guardiola.

„Svo á að fjölga leikjum á næstu leiktíð. Þetta skapar hættu á að leikmenn meiðist og mér sýnist að það þurfi að vera 400 dagar í næsta ári til þess að koma leikjum ársins fyrir á skikkjanlegan máta,“ segir Spánverjinn.

Klopp tók í sama streng og keppinautur hans: „Það er allavega jákvætt að þessar bollaleggingar um Ofurdeildina hafi verið slegnar út af borðinu. Það er sífellt verið að bæta við keppnum, bæði hjá félagsliðunum og landsliðunum,



Pep Guardiola er ekki hrifinn af því að tilstandi að auka leikjaalagði á leikmönnum hans á næsta keppnistímabili með boðuðum breytingum á Meistaradeild Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mér hugnast alls ekki þær breytingar sem til stendur að gera á Meistaradeildinni.

Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool

án þess að pæla í því hvar eigi að koma þeim fyrir,“ segir Klopp um stöðu mála.

„Mér hugnast alls ekki þær breytingar sem til stendur að gera á Meistaradeildinni og það sem mér finnst verst er að við knattspyrnustjórnarnir, leikmennirnir og stuðningsmennirnir erum aldrei spurðir

álits þegar svona breytingar á fyrirkomulagi keppna eru ákveðnar,“ segir þýski knattspyrnustjórinn.

Liverpool mætir Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni í hádeginu í dag en liðið er í keppni við West Ham og Chelsea um sæti í Meistaradeildinni á næstu leiktíð. Þau lið eigast við síðdegis í dag. – hó

KRÓNAN

Krónan umhverfið



STÓRI PLOKKDAGURINN ER Í DAG, 24. APRÍL.
Tökum þátt en munum að fylgja 2 metra reglunni.

**Við verðum með gáma og tökum glöð
á móti plokkinu við eftirfarandi verslanir:**

BÍLDSHÖFÐA, FLATAHRAUNI, GRANDA,
MOSFELLSBÆ OG VALLAKÓR

PLOKKUM SAMAN!



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Útgáfa í tvo áratugi

Þann 23. apríl 2001 kom fyrsta tölublað Fréttablaðsins út og má segja að þá hafi verið brotið blað í sögu fjölmiðlunar hér á landi. Frá þeim degi eru liðin tuttugu ár og er blaðið enn mest lesna dagblað landsins.

Þó svo að ekki hafi allir haft trú á að friblað gæti fest sig í sessi hér á landi ákváðu feðgarnir Sveinn R. Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson að láta slag standa og fylgja þróuninni sem orðið hafði á mörkuðum allt í kring.

Fyrsti ritstjóri blaðsins var Einar Karl Haraldsson og hafa þó nokkrir sest í þann stól síðan. Fyrir tveimur áratugum þegar Fréttablaðið leit fyrst dagsins ljós var fjölmiðlaumhverfið vissulega allt annað en það er í dag og ber þar hæst að fréttframléiðsla á netinu var rétt að hefjast og var auðvitað mun fyrirferðarminni en hún er í dag. Þegar kom að prentinu voru það tvö dagblöð sem kepptu um lesendur og auglýsendur; Morgunblaðið og DV, og var Fréttablaðið þar hrein viðbót og í frídreifingu inn á heimili landsmanna í þokkabót.

40%

FÓLKS Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU LESNA BLAÐIÐ DAGLEGA.

50%

FÓLKS Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU Á ALDRINUM 35 TIL 65 ÁRA LESNA BLAÐIÐ DAGLEGA.


Mest lesna dagblað landsins

Það tók Fréttablaðið ekki nema þrjú ár að verða mest lesna dagblað landsins og heldur það enn í dag þeim heiðurssessi, en rúmlega 40 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu lesa blaðið daglega. Eins les um helmingur fólks á aldrinum 35 til 65 ára á því svæði blaðið dag hvern. Þegar svo kemur að hópnum 55 til 80 ára sem lesa blaðið daglega er niðurstaðan 70 prósent.

Í dag heldur Fréttablaðið úti öflugri fréttasíðu, frettabladid.is, en eftir tvö ár í loftinu er miðillinn kominn með dyggan fastagestahóp, eða um 80 þúsund manns dag hvern.



Blaðamenn við störf á fyrstu vakt í núverandi húsnæði, Hafnartorgi.



Þorsteinn Pálsson fyrrverandi ritstjóri með starfsfólki blaðsins.



Jón Kaldal fyrrverandi ritstjóri með Bergsteini Sigurðssyni blaðamanni.

70%

FÓLKS Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU Á ALDRINUM 55 TIL 80 ÁRA LESNA BLAÐIÐ DAGLEGA.



Blaðamennirnir Kristlín Dís og Ingunn Lára við störf á ritstjórninni í gær.



Kolbrún Bergþórsdóttir, ritstjóri Menningarblaðsins, fer yfir uppsetningu blaðsins ásamt starfsmönnum umbrotsins, Eddu Karítas og Guðlaugi.



Birna Dröfn og Þorvarður Pálsson.



Róbert Badi og Lovísa Arnardóttir.

Frétt var ekki fullsögð fyrr en hún rataði á prent

Sigríður Björg Tómasdóttir var ein þeirra sem unnu að fyrsta tölublaði Fréttablaðsins. Reyndar átti hún þá eftir að starfa að þeim þó nokkrum en hún var blaðamaður hjá Fréttablaðinu í tólf ár.

„Ég kom á Fréttablaðið af Morgunblaðinu en þar hafði ég verið í nokkur sumur og veturlangt þegar mín var freistað með tilboði um atvinnu á nýju blaði sem væri í smíðum. Það var mikið ævintýri að taka þátt í blaðaútgáfu frá upphafi og mikil stemning hjá okkur starfsfólkinu sem þarna vorum samankomin. Þetta var lærdómsríkur og skemmtilegur tími, mikið affrábæru samstarfsfólki, hasar og álag sem er gott, en sennilega í hófi því á endanum langaði mig til að breyta til en þá hafði ég unnið í tólf ár á blaðinu.“

Sigríður man ekki nákvæmlega hvort hún hafi mætt til starfa einni eða tveimur vikum fyrir útgáfu fyrsta blaðsins en þar slóst hún í hópinn með Steinunni Stefánsdóttur, Björgvín Guðmundssyni, Tinna Sveinssyni, Kolbrúnu Ingibergsdóttur, Sigurjóni M. Egilssyni, Kristjáni Hjalmarssyni og fleiri, sem voru á blaðinu frá upphafi.

Skýrar og skorinorðar fréttir

„Gunnar Smári Egilsson, hugmynda-smíður blaðsins, var búinn að hanna



Sigríður Björg var blaðamaður á Fréttablaðinu þegar fyrsta tölublaðið kom út árið 2001 og hætti ekki fyrr en tólf árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

blað sem átti að vera stutt og laggett, það var mjög formfast, 24 síður og strangar reglur um uppsetningu og lengd fréttar sem áttu að vera skýrar og skorinorðar. Við vorum eitthvað að safna í sarpinn á þessum undirbúningstíma, skiptast á hugmyndum og tengja okkur við samfélagið. Mig minnir nú samt að framléiðsla efnis hafi aðallega átt sér stað nálægt útgáfudegi. Fyrsti útgáfudagur var

vel að merkja mánudagur, en fyrsta árið eða svo kom Fréttablaðið út fimm daga vikunnar, mánudaga til föstudaga,“ segir Sigríður.

Framlag Sigríðar til fyrsta tölublaðsins var ýmsar stuttar fréttir. „Ég á líka í blaðinu viðtal við Kúrda, Salah Karim, sem gekk heldur illa að fá starf í samræmi við menntun en hann hafði þá búið í nokkur ár á Íslandi.“



Sigríður Björg, hér til vinstri, var einn þriggja fréttastjóra Fréttablaðsins árið 2006. Hér ásamt hinum tveimur, þeim Trausta Hafliðasyni og Arndisi Þorgeirsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gekk á ýmsu í dreifingunni

Aðspurð um viðbrögðin við þessari viðbót í flóru fjölmiðla hér á landi segir Sigríður þau í minningunni vera góð.

„Frá fyrsta degi lét fólk í sér heyrta ef blaðið barst ekki í hús og það gekk nú reyndar á ýmsu í dreifingunni til að byrja með. Það voru líka úrtölu-raddir, sumum þótti blaðið heldur rýrt og höfðu alls konar skodanir á því. Svo festist það smám saman í sessi og tveimur árum eftir fyrsta tölublað, komst blaðið í fyrsta sinn yfir Morgunblaðið í lestri sem var mikill áfangi.“


Vefumhverfið stærsta breytingin Þegar Sigríður er spurð út í starf

blaðamannsins og hvernig það hafi breyst á þessum tveimur áratugum nefnir hún vefmiðlana og hvernig þeir hafi styrkt á þessum árum.

„Vefmiðlar voru vissulega komnir til sögunnar 2001 en þeir voru alls ekki jafn öflugir og þeir eru í dag þannig að ég ætla að segja að allt vefumhverfið, tæknin sem fylgir því og tillkoma samfélagsmiðla sé mesta breytingin sem orðið hefur á starfi blaðamannsins með tilheyrandi hraða í fréttamiðlun.

Prentmiðlar voru miklu sterkari 2001 en þeir eru í dag og margir blaðamenn á því að frétt væri ekki fullsögð fyrr en hún rataði á prent. Ég hugsa að það hafi fækkað í þeim hópi.“ bjork@frettabladid.is

SUMARGLEÐI ORMSSON



aðeins
50 tæki
á tilboði



SAMSUNG Smart TV með Crystal UHD myndgæðum og 4K upplausn. Hér er allt það helsta í boði; Flottir litir, góð upplausn, Netflix, Youtube, Disney+ og margt fleira...

CRYSTAL UHD UHD 2000PQI

**65" TÆKI Á SUMARTILBOÐI
KR. 139.900,-**

KÍKTU Á ÚRVALIÐ
ORMSSON.IS



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Ævintýraþráin óttanum sterkari

Stefán Vagn Stefánsson hafði aðeins verið yfirlögregluþjónn í Skagafirði í tvo mánuði þegar tveir ísbirnir gengu á land. Þar áður hafði hann starfað í sérsveitinni og í friðargæslusveit í Afganistan. Í haust stefnir Stefán á þing.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Stefán ólst upp á Suður-götunni á Sauðárkróki, gegnt Framsóknarhúsinu. Sonur Stefáns heitins Guðmundssonar, alþingismanns til tuttugu ára. Pólitíkin var mikið rædd á æskuheimilinu og það kom því ekkert annað til greina en að ganga í flokkinn. Framan af áttu þó íþróttirnar hug hans allan en Stefán spilaði sem markvörður með Tindastól fram í meistaraflokk.

„Ég var þokkalegur námsmaður en hafði engan sérstakan áhuga á bókinni. Hugurinn var úti á fót-boltavelli,“ segir Stefán. „Í eitt skipti var ég að vinna verkefni í grunn-skóla, þá kom kennarinn og horfði yfir öxlina og sagði: Stefán, þetta er allt í fótunum á þér.“

Til 25 ára aldurs komst fátt annað að en fótboltinn nema ung stúlka frá Siglufirði, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, sem hann kynntist árið 1995. Í dag eiga þau saman þrjú börn og tvö þeirra spila nú sem markverðir hjá Tindastól. Stefán segir mikla stemningu vera í bænum fyrir sumrinu enda á félagið í fyrsta sinn lið í efstu deild, en kvennaliðið komst upp í fyrsumar.

„Ég var ekki með miklar áætlanir um framtíðina á þessum árum. En árið 1997 spurði gamall varðstjóri mig hvort ég vildi ekki leysa af hjá lögreglunni um sumarið. Og hann væri búinn að ganga frá því að ég fengi stöðuna ef ég vildi,“ segir Stefán. „Þar með var teningunum kastað.“

Lærði að aftengja sprengjur

Stefán fann sig vel í lögreglunni á Sauðárkróki en fljótlega fluttu þau Hrafnhildur til Reykjavíkur. Þar vann Stefán sig upp og endaði loks í sérsveitinni sem sprengjusérfræðingur. Hann segir mikinn mun á starfi lögreglumanns á landsbyggðinni og í borginni.

„Í borginni ertu svolítið andlitslaus lögga og álagið mikið. Þú klárar þitt verkefni, svo tekur rannsóknardeild eða tæknideild við og þú ferð í það næsta og svo næsta,“ segir Stefán. „Á landsbyggðinni þarf maður að standa meira á eigin fótum og klára verkefni frá byrjun til enda. Þetta er öðruvísi álag. Maður þarf einnig að aðskilja starfið frá sínu persónulega lífi, því að oftar en ekki er maður að kljást við fjölskyldu með þessum verkum og þarf jafnvel að mæta í búðinni daginn eftir.“

Engu að síður litur Stefán á það sem góð örlög að hafa slysat inn í lögregluna. Starfið sé afar gefandi, mannlegt en líka spennandi. „Að komst inn í sérsveitina var mikil þrautaganga en áskorunin kitlaði mig,“ segir hann. „Ég var ungur, í góðu formi og ákafur maður og verkefni sérsveitarinnar af öðrum toga en hinnar venjulegu lögreglu.“

Jánkar hann því að starfið minni um margt á það sem við sjáum í Hollywood-bíómyndum. Hann gekk í sveitina árið 2000 og árið 2004 lærði hann að aftengja heimatilbúnað sprengjur hjá breska hernum. Aðspurður hvort það sé ekki stressandi svarar Stefán því játandi. „Þú vilt ekki fá kvíðakastið þegar þú ert með sprengjuna í höndunum,“ segir hann og brosir.

Sveitin starfar við hlið hinnar almennu lögreglu og er kölluð til í hvert skipti þar sem grunur liggur á að einstaklingur beri hnifa eða skotvopn, eða þá að ofbeldi brjót-



Ævintýraþrá rak Stefán í sérsveit lögreglunnar og í friðargæslu til Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

ist út. „Útköllin voru mörg og gátu verið afar fjörug,“ segir hann.

Friðargæsla í Afganistan

Þegar Stefán hafði starfað í sex ár í sveitinni bauðst honum að fara út til að leiða hóp friðargæsluliða Atlantshafsbandalagsins í Afganistan. Þar hafði stríð geislað síðan Tvíburaturnarnir féllu 11. september 2001. Eftir umhugsun ákvað Stefán að slá til en það var ekki léttvæg ákvörðun.

„Auðvitað var ég smeykur. Við vorum það allir,“ segir Stefán. „En það var einhver ævintýraþrá sem togaði í mig. Þetta var enn ein áskorunin og ég vissi að reynslan yrði dýrmæt, bæði starfsins vegna og til að fá aðra sýn á lífið. Það stóð heima.“

Aðspurður hvað fjölskyldan hafi sagt á þessum tímum segir Stefán hana hafa sýnt mikinn stuðning. „Ég og konan mín vissum bæði að þessu fylgdi áhætta. En við vissum líka að ef ég léti þetta tæki-



**VIÐ FUNDUM VEL AÐ VIÐ
VORUM EKKI VELKOMNIR
Á ÞEIM SVÆÐUM ÞAR SEM
TALÍBANAR HÖFÐU ÍTÖK.**

færi mér úr greipum ganga yrði ég aldrei sáttur í sálinni. Það tók mislangan tíma fyrir fólk að melta þetta og sumir skildu ekki hvað í andskotunum ég væri að hugsa. En að lokum urðu allir sáttir, enda fer maður ekki í svona verkefni án þess að hafa fjölskylduna þétt að baki sér.“

Sjö manna sveit hélt út til Noregs í þjálfun hjá hernum og þaðan til



Stefán segir aðstæður almennings í Afganistan hafa verið skelfilegar og neyðina átakanlega. MYND/ADSEND

norðurhéraða Afganistan þar sem Litháar ráku herstöð. Einnig voru nokkrir Íslendingar staðsettir í höfuðborginni Kabúl.

„Fjallahéróðin þarna í kring voru mjög óstöðug og talíbanar úti um allt,“ segir Stefán. „En það gekk allt afskaplega vel enda frábærir strákar sem voru með mér í sveitinni.“ Aldrei kom það fyrir að sveitin lenti í beinum skotbardögum við talíbana.

Þrátt fyrir það voru aðstæður heimamanna skelfilegar að sögn Stefáns. „Það var ekkert til þarna. Fólk bjó í moldarkofum og átti varla til hnifs og skeiðar,“ segir hann. „Fólkið tók okkur misjafnlega, og fór eftir því hvaða svæði við förum inn á. Við fundum vel að við vorum ekki velkomnir á þeim svæðum þar sem talíbanar höfðu ítök. Annars staðar var viðmótið betra enda var verið að lofa uppbyggingu. En margir vissu varla hvað Afganistan var og höfðu aldrei farið út fyrir sinn dal. Í þeirra augum skipti efnahagsuppbygging landsins engu máli heldur aðeins að fá brú yfir næstu á. Þau höfðu ekki skilning á því sem við vorum að reyna að kynna fyrir þeim.“

Fékk þrjá tíma til að ákveða sig

Ári 2007 sneri Stefán aftur heim en í stað þess að starfa áfram með sérsveitinni bauðst honum að taka þátt í að byggja upp nýja greiningardeild hjá Ríkislögreglustjórn. Hlutverk hennar var að meta öryggi landsins og finna þá veikleika sem voru til staðar.

„Þetta er það verkefni sem ég er hvað stoltastur af að hafa komið að og það náði inn að hjartanu frá fyrsta degi,“ segir Stefán. „Við þurftum að koma okkur upp svona einingu til að við gætum verið fullgildir þátttakendur í alþjóðastarfi og fengið aðgang að upplýsingum og gögnum annarra lögreglustofnana.“

Í dag skipar greiningardeildin veigamikinn sess í löggæslu landsins, ekki síst vegna aukinnar hættu af erlendum skipulögðum glæpa-hópum. En Stefán átti ekki eftir að verða lengi starfandi hjá deildinni því að vorið 2008 fékk hann símtal.

„Ég var staddur á fundi í Finnlandi þegar sýslumaðurinn á Sauðárkróki hringdi í mig,“ segir Stefán. „Hann spurði hvort ég gæti komið norður og tekið við stöðu yfirlög-regluþjónsins sem hætti nokkrum dögum áður. Ég sagðist ætla að hugsa þetta og svara þegar ég kæmi heim en þá sagði hann að ég hefði þrjá klukkutíma til að ákveða þetta, annars yrði fundinn einhver annar.“

Stefán hringdi þá í Hrafnhildi, sagði henni tíðindin en þau höfðu rætt það áður að flytja norður á einhverjum tímamarki. En þetta var ekki sá tímamark. Stefán var nýbyrjaður í spennandi starfi og Hrafnhildur með sína vinnu sem félagsráðgjafi í Reykjavík.

„Það var annað hvort að hrökkva eða stökkva. Ég vissi að ef ég tæki ekki stöðuna biðist hún mér aldrei aftur,“ segir hann. „Hrafnhildur hringdi í ofboði norður í land til að leita að vinnu, meðal annars í grunnskólann. Stjórnarnar röðuð-ust þannig upp að námsráðgjafinn hafði hætt deginum áður og hún fékk vinnuna.“ Tveimur tímum eftir hringinguna frá sýslumanni hringdi Stefán til baka og þremur dögum seinna voru þau komin á Sauðárkrók þar sem þau eru enn.

Eltingarleikur við ísbjörn

Stefán hafði ekki stýrt lögreglunni á Króknum lengur en tvo mánuði þegar ísbjörn gekk á land og alla ➔



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**

steinsmidjaakureyrar.is

sala@minnismerki.is

s: 466 2800 / 899 9370



GRJÓTHARÐAR VEGGKLÆÐNINGAR



Garðbökkir úr granít

Viðhaldsfrjár

130 cm breiðir

*Hægt að skrifa í bak
og sessu*

kr 295.000

Myndir á heimasíðu





Stefán fékk morðhótanir eftir að ísbirnir tveir voru felldir og dýraverndunarsinnar í Kanada lögðu fé til höfuðs honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

➔ leið upp á Þverárfjall. Sá sem sá björninn fyrst, þann 2. júní 2008, tók hins vegar upp tólið og hringdi beint í fréttastofu Bylgjunnar og var því útvarpað klukkan tíu um morguninn.

„Allt í einu byrjaði björninn á lögreglustöðinni að hringja og fólk að spyrja um ísbjörn sem við vissum ekkert um,“ segir Stefán. „Við drifum okkur af stað og uppi á fjallinu blasti við sjón eins og í villta vestrinu. Hver einasti vopnfæri Skagafirðingur var mættur með riffilinn sinn ásamt tugum fólks sem vildi sjá björninn.“

Ástandið var að sögn Stefáns stórhættulegt og mikill tími fór í að koma fólki burtu og loka svæðið af. Á meðan sat björninn spakur í hlíðinni og fylgdist með. Lögreglumenn pössuðu að hafa augun ávallt á honum á meðan hringt var í stjórnvöld og stofnanir því að engar viðbragðsáætlanir voru til.

„Allt í einu byrjaði björninn að hreyfa sig og fór bak við hól. Við fórum þá nær til að missa ekki sjónar á honum á meðan við vorum að reyna að átta okkur á því hvernig við ættum að taka á þessu,“ segir Stefán. Mikil þoka var á fjallinu þennan morgun og aðstæður ekki góðar. „Þá kom í ljós að hann var búinn að finna lyktina af okkur. Á meðan við vorum að leita að honum var hann að leita að okkur og svo mættumst við á toppnum á einni hæðinni.“

Stefán áætlað að það hafi aðeins verið sex eða sjö metrar á milli þeirra. „Við hlupum niður og björninn tók á sprett á eftir. Ég hugsaði að eftir öll áventýrin í sérsveitinni, sprengjusveitinni og Afganistan væri það eftir öllu ef ég yrði svo étinn af ísbirni hér uppi á Þverárfjalli,“ segir hann og hlær. „Allt í einu sneri björninn við og um tíma misstum við sjónar á honum. Þá var ákveðið að ekkert annað væri í stöðunni en að fella dýrið og það var gert.“

Annar björn gengur á land

Stefán er ekki í nokkrum vafa um að ákvörðunin um að fella ísbjörninn var rétt. Sumir vildu þó meina að réttast hefði verið að reyna að fanga hann og koma aftur til síns heima. Hann bendir á að engar deyfbyssur eða gildirur hafi verið til staðar. Í eftirvinnslu málsins var einnig stað-



Lögreglumennirnir og björninn mættust á Þverárfjalli og við tók eltingarleikur niður hlíðina. MYND/PÁLL FRÍÐRIKSSON



VIÐ HLUPUM NIÐUR OG BJÖRNINN TÓK Á SPRETT Á EFTIR.

fest að lögreglan hefði ekkert annað getað gert.

Tveimur vikum síðar, þann 16. júní, fékk lögreglan símtal um að annar björn hefði sést en nú við bæinn Hraun á Skaga. „Ég hélt að einhver væri að fíflast í mér en eftir eftirgrennslan komumst við að því að svo var ekki,“ segir Stefán. Aðstæðurnar voru hins vegar allar aðrar, og lögreglan fékk nú að vita af bangsa á undan alþjóð. Því tókst að loka svæðið af og takast á við dýrið á yfirvegaðri hátt. En þá var komin fram krafa frá Umhverfisstofnun og ráðuneytinu um að fanga það.

„Ekkert var til sparað. Tíu dýralæknar voru mættir á svæðið, allt lögregluliðið á Norðurlandi vestra, björgunarsveitarmenn og skyttur. Björgúlfur Thor borgaði undir þotu til að flytja sérstakt búr frá Kaupmannahöfn til Akureyrar. Síðan var komið varðskip í höfnina til að

flytja björninn til Grænlands og þyrla til að flytja hann í varðskipið,“ segir Stefán. „Þetta voru háleitar hugmyndir og göfugt markmið en veruleikinn sem fólk vildi ekki horfast í augu við var að Grænlandingar vildu ekki fá dýrið til baka.“

Ein helsta ástæðan fyrir því voru smitvarnir. Hér á Íslandi gætu geisla sjúkdómar í búfænaði og öðru sem Grænlandingar vildu ekki fá inn í sitt land. Þegar loks björninn fór af stað og gerði sig líklegan til þess að fara aftur út á sjó var tekin ákvörðun um að fella hann.

Fé til höfuðs honum í Kanada

Stefán segir að það hafi aldrei verið og verði ekki gefið upp hver tók í gikkinn og felldi ísbirnina tvo þetta sumar. „Opinberlega var ég gerður ábyrgur fyrir því og kveinka mér ekki undan því,“ segir hann. „Eftir þetta fékk ég morðhótanir alls staðar að úr heiminum. Sem dæmi settu dýraverndarsinnar í Kanada fé mér til höfuðs. Sem mér fannst reyndar skammarlega lítið. Ég lét þetta sem vind um eyru þjóta og brosti frekar út í annað.“

Bjarnarsöggunni var þó ekki lokið eftir þetta því þrálátur orðrómur gekk um þriðja dýrið. Stefán segir söguna vera þá að hann hafi verið felldur og grafinn án þess að nokkur fengi að vita, til þess að koma í veg fyrir annan sirkus. „Ég held að það sé skemmtilegast að leyfa fólki að hafa sínar kenningar um það,“ segir hann. „Við höfum aldrei gefið neitt

annað út nema að þriðji björninn hafi ekki fundist.“

Eftir þetta voru gerðar verklagsreglur um komur ísbjarna og eru þeir alltaf felldir. Síðan 2008 hefur einn björn komið til Skagafjarðar. Birnirnir tveir sem felldir voru 2008 voru stoppaðir upp og hafðir til sýnis í Skagafirði og á Blönduósi. Þverárfjallsbjörninn er nú til sýnis í Perlunni í Reykjavík.

Kjósa ekki blint

Stefán hefur gegnt stöðu oddvita Framsóknarmanna í Skagafirði síðan 2010. Skagafjörður er eitt helsta vígi flokksins og hefur honum vegnað vel í sveitarstjórnarkosningum. Árið 2014 fékk flokkurinn til að mynda 45 prósentu fylgi.

„Stjórnsmál hafa alltaf verið mér hugleikin. Þótt ég hafi ekki sinnt þeim þegar ég bjó fyrir sunnan fann ég þörf til að láta gott af mér leiða þegar við fluttum heim á Krókinn. Ég ímyndaði mér þó ekki að endast í þessu í ellefu ár og að þetta myndi leiða mig í framboð til þings. En eftir því sem tíminn leið fann ég að þetta átti vel við mig,“ segir Stefán.

Hann segir ekki sjálfgefið að Framsóknarflokkurinn fái mikið fylgi í Skagafirði. „Flokkurinn hér hefur talað sterklega fyrir byggðarsjónarmiðum sem skipta íbúana hér miklu máli,“ segir hann. „Okkur hefur einnig gengið vel í því verkefni að reka sveitarfélagið. Það er mikið um framkvæmdir og þjónustustigið er hátt. Ef íbúarnir fýndu að svo



ÞETTA VAR EINN ÖMUR-LEGASTI TÍMI SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ Í PÓLÍTÍK OG SKYLDI EFTIR SIG DJÚP SÁR Í FLOKKNUM.

væri ekki myndum við ekki fá þetta fylgi sem við sjáum í kosningum. Þótt margir séu Framsóknarmenn í grunninn kjósa þeir ekki blint heldur leita annað ef þeir telja þá geta sinnt verkefninu betur.“

Klofningurinn skildi eftir sár

Forveri Stefáns í oddvitasætinu var Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem gekk til liðs við Miðflokkinn eftir klofninginn árið 2016. Stefán segir klofninginn hafa tekið sinn toll í Skagafirði eins og annars staðar.

„Þetta var einn ömurlegasti tími sem ég hef upplifað í pólitík og skildi eftir sig djúp sár í flokknum,“ segir hann. Leiðir flokkanna tveggja hafi þó legið í ólíkar áttir. „Ef þú horfir á stefnumál Framsóknarflokksins og Miðflokksins í dag sérðu að þeir eru ekki mjög líkir.“ Hann segir Miðflokkinn í dag eiga meira sammerkt með flokkum á hægri kantinum en á miðjunni.

Hvað persónuleg sárindi varðar segir Stefán tímamót lækna þau, og á einhverjum tímamóti verði gróíð um heilt. „Fólk er misjafnlega langt komið í því ferli en ég held að flestir horfi fremur fram á veginn en til baka,“ segir hann.

Byggðamálin brýnust

Stefán hefur haft augastað á landsmálunum um nokkurt skeið en þegar klofningurinn var að eiga sér stað fannst honum ekki rétti tímamóti til að sækjast eftir þingsæti. Upphaflega stefndi hann á annað sætið í prófkjöri en þegar Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra ákvað að færa sig í annað Reykjavíkarkjördæmið tók Stefán af skarið og sigraði í prófkjörinu. Mun hann því leiða lista Framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi í september.

Stefán segir prófkjörið hafa hjálpað við ákvörðunina, því þá væri ljóst að grasróttin væri að baki honum en ekki þröngur hópur í uppstillingarnefnd. Aðspurður hverju hann vonast til að koma til leiðar segir hann byggðamálin verða efst á baugi.

„Byggðamálin eiga hug minn og hjarta og það þarf að gera verulegt átak í þeim málum á landsvísu,“ segir hann. „Það er gríðarlegur aðstöðumunur hjá fólki sem býr á höfuðborgarsvæðinu og því sem býr á Bildudal eða Hvammstanga. Það er sama til hvers er horft, samgöngumála, heilbrigðisþjónusta eða annars, það hallar alltaf á landsbyggðina. Þegar gögn frá Byggðastofnun og Háskólanum á Akureyri eru skoðuð kemur alltaf í ljós að það hallar mest á Vestfirði og Norðurland vestra. Þarna þarf að stiga inn í.“

Spurður um núverandi ríkisstjórn segir Stefán hana hafa staðið sig vel í erfiðum aðstæðum og sér ekki ástæðu til annars en að framhald verði skoðað, haldi fylgið. Enginn hefði getað ímyndað sér þau verkefni sem þau fengu í fanginu.

„Faraldurinn litu allt og mun lita næsta kjörtímabil einnig. Árin eftir bankahrunið var farið í fækkun opinberra starfa á landsbyggðinni, þar á meðal tuga starfa hér í Skagafirði sem svæðið var lengi að jafna sig á. Ég hef áhyggjur af því að það sama gæti gerst núna,“ segir Stefán. „Við sjáum fram á erfið ár og það þarf að taka skynsamlega á málum.“

„Að snúa barni gegn foreldri sínu er að snúa barni gegn sjálfu sér“

Amy J. L. Baker Ph.D.

Foreldrajafnrétti

facebook.com/foreldrajafnretti

youtube.com/foreldrajafnretti

foreldrajafnretti.is

Mikilvægt að elta ástríðu sína

Matargerð er ástríða **Berglindar Guðmundsdóttur**, en einskær tilviljun réð því að hún varði þremur vikum ein síns liðs á Sikiley árið 2019. Sú reynsla varð til þess að hún hélt þangað aftur nýverið, þá með tókulið með sér.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Berglind Guðmundsdóttir hefur frá árinu 2012 haldið úti uppskriftavefnum Gulur, rauður, grænn og salt, sem notið hefur mikilla vinsælda. En Berglind er ekki aðeins ástríðukokkur því hún er einnig menntaður hjúkrunarfræðingur og er ein þeirra sem sneru aftur til starfa þegar heimsfaraldur skall á. „Ég er búin að vera í COVID-ráðgjöf hjá Læknavaktinni í rúmt ár, en er núna í bólusetningunum,“ útskýrir Berglind, sem segir mikla stemningu myndast í Laugardalshöllinni þessa dagana þar sem þjóðin er bólusett í skömmtum.

Bólusetningarvinnan gefandi

„Það er svo gefandi að vinna við þetta enda allir sem mæta svo glaðir. Það hefur verið gaman að fylgjast með öllu þessu ferli enda hefur maður upplifað fólk hrætt og vonlaust og í þessari miklu óvissu, yfir svo í það núna að lausnin sé í sjónmáli og jákvæðir tímar fram undan.“

Berglind segir það hafa verið kærkomið að sinna starfi hjúkrunarfræðingsins undanfarið, en hún hafði lengi einbeitt sér alfarið að starfinu í kringum uppskriftavefinn. „Þó mér finnst mjög gott að vinna heima þá er það ekki hollt til lengdar enda verður maður svo sjálfhverfur. Þetta verkefni kom upp í hendurnar á mér og hefur verið yndislegt og þó svo álagið hafi á köflum verið mikið þá hentar tarnavinna mér vel. Auðvitað bjóst maður þó við því að þetta yrði skemmri tími,“ segir Berglind sem hefur undanfarið horft þrjá mánuði fram í tímann.

Þar sem við Berglind sitjum yfir hádegismat á veitingastað í miðbænum og ræðum stemninguna í Laugardalshöllinni, þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands lék fyrir bólusetta í vikunni, vindur starfsmaður staðarins sér að okkur. Hún segist ekki hafa komist hjá því að heyra að Berglind starfaði við bólusetningarnar, sjálf hafi hún mætt í vikunni og vildi einfaldlega þakka fyrir sig.

Matur fyrir sálina

Fyrir utan uppgripin í hjúkrunarstarfinu undanfarið hefur Berglind verið sjálfstætt starfandi lengi og eðli málsins samkvæmt er mismikið að gera.

„Stundum hugsa ég að ég ætti að sækja um venjulegt starf en yfirleitt þegar ég ætla að fara að gera það kemur eitthvað upp sem togar mig til baka. Ég elska það sem ég er að gera enda mjög fjölbreytt,“ segir Berglind, sem hefur verið dugleg við að skapa sér tækifæri og nýjasta útspilið er hlaðvarp sem nefnist Matur fyrir sálina. „Þar ræði ég við gesti um andleg málefni sem ég hef mikinn áhuga á. Ég vil að hlaðvarpið virki hvetjandi og þar fái ólíkar raddir að heyrast.“

Matarástríðan hefur fylgt Berglindi frá unga aldri. „Ég var alltaf að baksa eitthvað í eldhúsinu, mömmu minni til mikillar mæðu, enda var ég ekki jafn dugleg að ganga frá eftir mig. Ég hef alveg reynt það en það bara býr ekki í mér, ég er svo spennit fyrir útkomunni að það tekst aldrei að ganga frá jafnóðum.“

Hugmyndin að vefnum kom þegar Berglind kom heim frá Barcelona árið 2012. „Þegar við komum



Berglind hefur undanfarið bólusett þjóðina auk þess að undirbúa sjónvarpsþáttaröð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Berglind opnar kampavín með sverði á Gambini-vínekrunni. MYND/ADSEND

heim í haustlögðina kom þessi hugmynd til mín. Þetta var eitthvað sem ég átti bara að gera frekar en að ég hafi ákveðið það. Ég trúir því að maður sé svolítið leiddur áfram,“ segir hún einlæg. „Til að endast í þessu þarf að hafa ástríðuna. Maður verður að elska þetta,“ segir Berglind, en miklu skiptir að virkni sé stöðug og fyrstu tvö árin lagði hún

mikið upp úr því að birta minnst tvær til þrjár uppskriftir á viku.

Matur má vera fljótlegur

Berglind segist sækja sér innblástur víða og eins aðlaga hinar og þessar uppskriftir sjálfri sér. „Stundum fæ ég svo uppskriftir frá vinkonum og sumt kemur bara frá mömmu eða hefur fylgt mér heillengi. Eins fæ ég

Talið berst að færni í eldhúsinu sem ekki sé öllum gefin og segir Berglind: „Maður á að elta ástríðu sína og það er óþarfi að skammast sín fyrir að vera ekki góður í að elda. Ég er til dæmis ekki að fara að sjá um bókhaldið fyrir neinn,“ segir hún með áherslu. Hún segist jafnframt birta uppskriftir án þess þó að skrifa mikið um þær eins og sumir vinsælir matarbloggarar geri. „Sumir geta samið ljóð um mat en ég er svo grófgerð að ég er meira: „Hér er matur, hann er góður – borðuðu hann!“ segir hún og skellir upp úr.

Fór ein til Sikileyjar

Á fimmtudaginn birtist fyrsti þáttur af fjórum í þáttaröðinni Aldrei ein í Sjónvarpi Símans, en í þáttunum kynnir Berglind sér matarvenningu Sikileyinga.

Berglind hafði heimsótt Ítalíu í þó nokkur skipti, en sumarið 2019 voru börnin hennar á leið í mánaðar sumarfrí til föður síns og hún vissi ekki hvað hún ætlaði sér að gera á meðan. „Ég opnaði þá flugleitarvélina Dohop og skrifaði „Take me anywhere!“. Kom þá upp borgin Catania á Sikiley. Miðinn þangað kostaði bara rúmar 20 þúsund krónur svo ég ákvað að kaupa hann þó ég vissi ekki hvort ég færi.“

Tveimur dögum fyrir brottför var Berglind enn óviss en fyrir hvatningu vinkonu sinnar fór hún af stað með þá hugsun að þá kæmi hún bara fyrir heim ef henni líkaði ekki.

„Ég valdi mér svo gistingu í þrjá til fimm daga í einu og flakkaði þannig um alla eyjuna. Þetta var yndisleg ferð og ég naut mín ein á ferð. Það er í raun fyndið að þættirnir heiti Aldrei ein, því ég er alltaf ein,“ segir Berglind í léttum tón. „Ég vinn ein og er mikið ein, en er þó aldrei einmana,“ segir Berglind sem er einstæð, fjögurra barna móðir.

Hjörtu og dyr Sikileyinga opin

„Sikileyingar eru ótrúlegt fólk og mér var sífellt boðið í heimsóknir og mat til ókunnugra, en sjálf er ég ekki mikið að taka á móti ókunnugum og vil helst ekki fá óboðna gesti. Þessi munur fannst mér svo merkilegur, hér höldum við fundi á veitingastöðum en þeir vilja fá alla heim og eru alltaf með opið hjarta.“

Ég fór til að mynda í mat til bændahjóna sem bjuggu í eins og hálf klukkutíma fjarlægð frá mér. Þangað var yndislegt að koma, enda rækta þau sínar eigin sitrónur, appelsínur og kryddjurtir. Eftir kvöldverðinn tóku þau ekki í mál að ég pantaði mér bíl til baka heldur vildu foreldrar þeirra á áttræðisaldri endilega skutla mér, sem þau gerðu og hlógu alla leiðina. Ég efast um að ég væri til í að skutla vini unglingssonarins til Keflavíkur á miðnætti,“ segir Berglind í léttum tón.

Það er augljóst að Berglind er heilluð af eyjunni og íbúum hennar. „Sikileyingar tala litla ensku en langar svo að tala við mann og nota því mikið látbragð. Eyjan er líka enn svo ósnortin og ekki full af ferðamönnum.“ Berglind segist hafa verið hissa á því hversu mikinn fisk heimamenn borða, jafnvel tvisvar á dag. Sjálf víðurkennir hún að hafa stundum langað í eitthvað annað. „Þá þóttist ég vera vegan.“

Eftir þrjár vikur á Sikiley hélt Berglind aftur heim, reynslunni ríkari og langaði að miðla töfrum eyjunnar til samlanda sinna. Úr varð svo að í október síðastliðnum sneri hún aftur ásamt tókumanni og framleiðanda og má afraksturinn nú sjá í þáttunum Aldrei ein.



SIKILEYINGAR ERU ÓTRÚ-

LEGT FÓLK OG MÉR VAR

SÍFELT BOÐIÐ Í HEIM-

SÓKNIR OG MAT TIL

ÓKUNNUGRA, EN SJÁLF VIL

ÉG HELST EKKI FÁ NEINN

HEIM TIL MÍN OG ALLS

EKKI ÓBOÐNA GESTI.

uppskriftir af erlendum síðum og merki þær þá þannig.“

Berglind segist hrifnust af Miðjarðarhafsmataræðinu. „Ég elska litríkan mat og þar sem ég er ekki dugleg að skreyta þá er það kostur að slíkur matur skreytir sig sjálfur. Ég hef líka áttað mig á því að matur er ekkert endilega betri þó maður sé lengi að matreiða hann. Ég elda í raun allt nema íslenskan mat,“ segir hún og hlær.

Libby's[®]

*Þetta verður
veisla!*



Lovísa
Arnardóttir
lovissaa@frettabladid.is



Víð vildum gefa konum vettvang þar sem þær gætu verið bæði konur og fatlaðar því það var hvergi pláss fyrir okkar tilveru," segir Freyja Haraldsdóttir, talskona Tabú og doktorsnemi, en nýverið fengu þær styrk frá félags- og dómsmálaráðuneytinu til að halda fjögur námskeið sem eiga að styrkja aðgerðir stjórnvalda gegn ofbeldi á tímum COVID-19.

Þær Sigríður Jónsdóttir og Svava Ingpórsdóttir hafa báðar sótt námskeið hjá Tabú og segja það hafa opnað augu þeirra og hjálpað þeim að skilja sína eigin tilveru og gefa upplifunum sínum nafn.

Tabú var stofnað árið 2014 af henni og Emblu Guðrúnu Ágústsdóttur. Að sögn Freyju byrjuðu þær, eins og svo margir aðrir, á Facebook og vissu kannski ekki almennilega hvað þær voru að fara út í. Svo ákváðu þær að halda námskeið fyrir fatlaðar konur sem fengu mjög mikil og góð viðbrögð og fylltust fljótt. Þær héldu fimm námskeið á tímabilinu 2014 til 2017 og voru þau öll styrkt með tilfallandi styrkjum og því aldrei útséð um hvenær næstu námskeið gætu verið haldin.

Hún segir að í grunninn séu námskeiðin hugsuð sem vettvangur fyrir fatlaðar konur, síns og trans, og kynsegin fólk til að koma saman, deila reynslu, fá fræðslu um ableisma, femínisma og að það sé talað um ýmis málefni svo sem hvernig fötlun hvers og eins er skilgreind. Þá skoða þau kynverund, kynlíf, líkamsmynd og margt fleira.

„Markmiðið er, meðal annars, að konur fái glæraugu til að greina betur hvað er í gangi í kringum þær. Við höfum séð að þær konur sem hafa komið á námskeiðin hafa sett glæraugun upp að þeim loknum og áttað sig á því að þær eru ekki einar og að það sem þær upplifa er ekki þeim að kenna. Við föttum að það sem er erfitt í okkar lífi er flest ekki einstaklingsbundið, heldur kerfisbundið," segir Freyja.

Komst aldrei að rót vandans

Sigríður segir að hún hafi dottið óvart inn á námskeið hjá Tabú en það hafi gjörsamlega breytt lífi hennar.

„Ég er að nálgast fimmtugt þegar ég er að koma inn í þetta starf. Ég er fædd fötluð kona og hef verið að burðast með öll skilaboðin sem hafa verið á herðum mér allt mitt líf og alltaf bara verið að sortera úr því sjálf," segir Sigríður.

Hún segir að hún hafi nær alla ævi verið hjá sálfræðingum og læknum en þeir hafi kannski ekki haft skilning á því hvar rötin var að vanlíðan hennar og þeim verkefnum sem hún var að takast á við.

„Þetta var því lík opinberun að mæta á námskeið því mig þyrsti svo í þetta samtal. Við sem mættum á námskeið fundum alveg fyrir því að við vildum ekki að kvöldið endaði. Um leið og maður fór að deila sinni reynslu þá vorum við um leið að greina samfélagið. Hvernig mismunun birtist, óráreitni birtist og í hverju. Við sem vorum þarna vorum að bera saman bækur okkar um hvernig upplifunin er og hvaða form hún getur tekið. Það var svo ofboðslega frelsandi og loksins var maður að tala inn í rými sem bæði skildi hvað maður var að upplifa og hafði reynslu til að deila," segir Sigríður.

Hún segir að frá því að hún hafi verið partur af þessum hópi sé líðanin allt önnur. Um leið og vitneskjan var komin breyttist allt.

„Það er ekki fyrr en maður sér strúktúrinn í kringum þekkinguna sem það breytist samt. Þá getur maður gefið hlutunum nafn, eins og óráreitni og mismunun, og maður getur þannig skilgreint og



Sigríður og Svava hafa báðar sótt námskeið hjá Freyju og Emblu og segja það hafa breytt lífi sínu og hvernig þær upplifa umhverfi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilja fá að vera fatlaðar og konur á sama tíma

Á næstu misserum verða haldin námskeið hjá félaginu Tabú sem er ætlað að gefa fötluðum konum rými og vettvang til að ræða sína reynslu, gefa henni nafn og fá að vera bæði fatlaðar og konur á sama tíma. Tvær konur sem hafa sótt námskeiðin segja þær hafa breytt sýn sinni á líf sitt og skilningi sínum á eigin fötlun.



Í AUGLÝSINGU FRÁ LÖG- REGLUNNI ER TALAD UM AÐ FATLAÐAR KONUR SÉU Í MEIRIHLUTA ÞEIRRA SEM VERÐA FYRIR OFBELDI EN KÆRA EKKI ENDILEGA.

flokkað reynslu sína í það sem hún er. Það er ekki á mínum herðum að leysa það heldur samfélagsins," segir Sigríður.

Samstaða fatlaðra mikilvæg

Svava segir að hennar reynsla sé ólík Sigríðar. Hún hafi fengið greiningu sem krónískur geðklofi, eða cronic schizophrenia, þegar hún var um tvítugt. Þá veiktist hún fyrst og lagðist inn á Klepp.

„Ég man nú ekki af hverju ég fór á námskeið hjá Tabú en þar fékk ég að kynna öðru fötluðu fólki, en ég er skilgreind sem geðfötlud. Þar kynntist ég alveg mögnum fötluðum kvenhetjum. Freyju og Emblu, en þær eru í raun svolitíð kvenfyrirmyndir mínar," segir Svava.

Hún segir að þær hafi opnað augu hennar fyrir mikilvægi samstöðu þegar vegið er að fötluðu fólki.

„Í auglýsingu frá lögreglunni er talað um að fatlaðar konur séu í meirihluta þeirra sem verða fyrir ofbeldi en kærar ekki endilega. Því þær eru hræddar, hræddar um að missa þjónustu og hræddar við þá sem beita þær ofbeldi. Hræddar við hótanir geranda og hræddar að vera ekki trúað. Og svo fá gerendurnir bara lítinn dóm. Þetta er réttindabaráttu fatlaðs fólks og námskeiðin efla fólk og styrkja. Styrkja fólk í að standa með sér. Það er svo gott að við á litla Íslandi eigum svona góðar fyrirmyndir," segir Svava.

Freyja segir að það sé ótrúlega góður punktur með óttann sem fatlaðar konur upplifa og að það hafi komið skýrt fram á námskeiðunum.

„Markmiðið er að geta lagt tilfinningarnar á borðið og upplifa að maður er ekki einn með þær. Við vitum kannski að eitthvað sem við

upplifum er óboðlegt en óttinn við að kvarta er ofmikill. Það er okkar von að í krafti hópsins minnki óttinn og það verði auðveldara að burðast með hann, saman. Mér persónulega finnst, með því að hafa verið að leiða námskeiðið, og það hljómar kannski klisjulega, en mér finnst ótrúlega fallegt að sjá fólk koma saman sem þekktist ekki og deila reynslu, sem er samt ólík," segir Freyja og bætur við:

„Það verður til traust og það er svo dýrmætt þegar maður ákveður að setja mörk eða setja fram einhverjar kröfur að hafa þennan hóp til að leita til.“

Sumar fatlanir ekki sjáanlegar

Hún segir að það megi ekki gleyma því að fatlanir eru ótrúlega fjölbreytilegar og hafi mismunandi áhrif á líf þeirra sem eru fötluð.

„Það eru rosalega miklar hugmyndir um hvað er fötlun, eða að þessi eða hinn sé ekki nógu fatlaður. Eða ef fötlunin er ekki sýnileg þá fái fólk ekki að skilgreina sig fatlað. En þetta er eitt af því sem við viljum vinna gegn. Það á ekki bara að vera steriótýpan af hreyfihamlaðri manneskju, sem er á bilastæðamerkingu. Það er mikilvægt að fólk viti að það geti allt fatlað og langveikt fólk komið á námskeiðið. Það skiptir engu máli hvort fólk er með þroskahömlum, hreyfihöml-



VIÐ HÖFUM OFT TALAD UM
HATURS- OG ÁSTARSAM-
BAND VIÐ ORÐIÐ FÖTLUN
OG HVERNIG FÓLK Á AÐ
HÖNDLA ÞANN STIMPIL
OG HVORT EIGI AÐ VERA
AÐ HÖNDLA HANN.

un, geðsjúkdóma eða langvarandi veikindi. Sameiginlega reynslan er able-isminn og misréttið og það tengir okkur öll saman," segir Freyja.

Þær segjast sammála um að það sé vandamál fyrir fatlað fólk að það fær ekki að vera fatlað á eigin forsendum.

„Við höfum oft talað um haturs- og ástarsamband við orðið fötlun og hvernig fólk á að höndla þann stimpil og hvort eigi að vera að höndla hann. Það er svo margt sem fólk veltir fyrir sér þegar það þarf að skilgreina sig. Þetta er mjög flókið fyrir marga," segir Sigríður.

Freyja segir að hún og Embla hafi oft lent í því að konur hringi og hreinlega spyrji hvort þær séu nógu fatlaðar til að vera með á námskeiðinu.

„Þetta er svo sláandi reynsla. Ég er mikið hreyfihömluð og með sýnilega skerðingu og hef aldrei þurft að sanna fyrir neinum að ég er fötluð. Það var ákveðið „wake up call“ fyrir mig að átta mig á því að í því samhengi er ég í ákveðinni forréttindastöðu. Að vera með sýnilega áberandi fötlun sem er ekki hægt að véfengja," segir Freyja.

Svava tekur undir þetta og segir að það sé mjög erfitt að þurfa að sanna fötlun sína.

Lengri útgáfu af viðtalinu er að finna á frettabladid.is.

NÓA



Alls konar

UPPÁHALDS!

Áttu þér uppáhalds lakkrís? Er það hjúplakkrís, saltlakkrís, hlauplakkrís eða bara alls konar lakkrís? Þá er nýja Nóa lakkrísblandan einmitt málið - því þar er alls konar uppáhalds!

Góður andi þrátt fyrir erfiðleika

Þrír af blaðamönnum Fréttablaðsins í árdaga þess rifja hér upp frumkvöðlakraftinn sem einkenndi útgáfu fyrsta fríblaðs á Íslandi fyrir tuttugu árum, en líka þrengingar og óvissu á upphafsárinu. Alltaf var þó gaman.



Mikil spenna var að glugga í fyrsta tölublaðið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR

Valdi Fréttablaðið sem efni í háskólaritgerð

Kristján Hjálmarsson, framkvæmdastjóri H:N Markaðs-samskipta, kveðst líklega einn affimmtán blaðamönnum sem ráðnir voru á Fréttablaðið frá fyrsta degi. „Við byrjuðum í Þverholtinu, í gömlu Ísafoldarprentsmiðjunni. Ætli við Tinni Sveinsson, sonur annars eiganda blaðsins, höfum ekki verið með þeim yngstu? Ég var að minnsta kosti með minnstu starfsreynsluna sem blaðamaður.“

Kristján kveðst hafa ákveðið að starfa við fjölmiðla þegar hann var plötusnúður í grunnskóla. „Um aldamótin stofnuðum við nokkrir félagar heimasíðuna 01.is sem naut mikilla vinsælda hjá ungu fólki. Svo sótti ég um vinnu á Fréttablaðinu, hélt utan um sjónvarpsdag-skrána og skrifaði íþróttafréttir, en blaðið fór svo snemma í prentun á kvöldin að við þurftum að treysta á textavarpíð eða húsverði í íþróttahúsum til að fá úrslit. Jafnvel birta hálfleikstölur. Kappið var mikið hjá öllum og þetta var ótrúlega skemmtilegur tími því við vorum að vinna frumkvöðlastarf með því að gefa út fríblað. Róbert Reynisson var eini ljósmyndarinn og sá um myndvinnslu líka, hann vann myrkranna á milli.“

Að sögn Kristjáns valdist vel inn á ritstjórnina. „Þar var rosaalega góð stemning, Gunnar Smári og Sigurjón M. Egilssynir voru auðvitað primusmótorar. En aðstæður til efnisöflunar voru aðrar en í dag, erlent sjónvarp var yfirleitt í gangi og við horfðum á Tvíburaturnana falla í beinni útsendingu 11. september 2001. Þá var ekki farið á Internetið að fræðast um turnana heldur hlaupið út í bókabúð að kaupa bækur.“ Til marks um samstöðuna í starfshópnum vildu langflestir halda áfram þegar blaðið hafði verið endurreist eftir gjaldþrot. En Kristján rifjar upp að auðvitað hafi verið leiðindi þegar fulltrúar sýslumanns komu að innsigla.

Fréttablaðið átti velgengni að fagna eftir að það komst aftur á skrið og Kristján minnst könnunar í mars 2003 sem sýndi það með mestan lestur dagblaða á landinu. Það var sigur. Hann telur það tvennu að þakka, frídreifingunni og að blaðið náði vel til yngra fólks.

Stofnun og gengi Fréttablaðsins varð Kristjáni efni í háskólaritgerð. „Ég átti eftir að klára BA-verkefnið í stjórn málafræði við HÍ og endaði á að skrifa um Fréttablaðið, undir handleiðslu Þorbjörns Broddasonar prófessors. Ég lagði grunn að því í háskóla í Jönköping í Svíþjóð



Kristján kom að öllum hlutum Fréttablaðsins nema leiðurum á ferli sínum þar og skrifaði líka í Birtu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VIÐ HORFÐUM Á TVÍBURATURNANA FALLA Í BEINNI ÚTSENDINGU 11. SEPTEMBER 2001. ÞÁ VAR EKKI FARIÐ Á INTERNETIÐ AÐ FRÆDAST UM TURNANA HELDUR HLAUPIÐ ÚT Í BÓKABÚÐ AÐ KAUPA BÆKUR.

þar sem Lars Áke Ängblom, prófessor í fjölmiðlafræði og áhugamaður um fríblöð, hvatti mig til þess. Þetta segir sína sögu um hversu vænt mér þótti – og þykir – um Fréttablaðið. Ég var þar í þrettán ár og alltaf hélt góður starfsandi þar, sama hvað gekk á,“ segir Kristján og kveðst hafa unnið við alla hluta blaðsins nema leiðara. „Ég skrifaði líka í kvéntímaritið Birtu, sem Steinunn Stefánsdóttir ritstýrði. Svo var ég fréttastjóri á visir.is síðasta árið.“
gun@frettabladid.is

Baráttuandi starfsfólksins hélt lífi í blaðinu fyrsta árið

Brynjólfr Þór Guðmundsson, sem nú er fréttamaður á Ríkisútvarpinu, var í upphafslíði Fréttablaðsins fyrir 20 árum. „Ég var nýbyrjaður í fréttamennsku. Var búinn að vera hálf tveggja á netmiðlinum visir.is sem var í eigu sömu manna og Fréttablaðið og tengdist bæði DV og Degi. Ritstjórnir netmiðilsins og Fréttablaðsins voru sameinaðar viku áður en blaðið byrjaði að koma út og ég fór að skrifa í það. Var mest í almennum fréttum, um tíma í stjórn málafréttum og stundum vaktstjórn þar til ég hætti eftir fjögur ár.“

Starfslíðið samanstóð af ungu fólki og nokkrum reynsluboltum inn á milli, að sögn Brynjólfs. „Við vorum að gera eitthvað nýtt sem dreif okkur áfram og vorum sannfærð um ágæti verkefnisins. Annars held ég að Fréttablaðið hefði lognast fljótt út af, það var svo illa fjármagnað. Við fengum ekki útborgað á réttum tíma nema einu sinni fyrstu fjórtán mánuðina og þá uppgötvuð að það enginn fyrr en þriðja dag mánaðarins því það bjóst enginn við því. Það var 3. janúar 2002. Einn vinnufélaginn var hundfúll yfir áramótin því hann hélt hann ætti ekki krónu og komst ekki á djammíð, honum hafði ekki dottið í hug að athuga það. Sigurjón M. Egilsson fréttastjóri kom með klósettpappír að heiman handa mannskapnum. Það er til marks um hvað staðan var erfið. Fólkið sem sá um þrifin hætti, það fékk ekki laun.“

Fréttablaðið fór á hausinn eftir árs rekstur en vegna þess hve and-



„Við starfsfólkið vorum sannfærð um ágæti verkefnisins,“ segir Brynjólfr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



SIGURJÓN M. EGILSSON

FRÉTTASTJÓRI KOM

MEÐ KLÓSETTPAPPÍR AÐ

HEIMAN HANDA MANN-

SKAPNUM. ÞAÐ ER TIL

MARKS UM HVAÐ STAÐAN

VAR ERFIÐ.

inn var góður í starfshópnum héldu næstum allir áfram eftir að það var endurreist, að sögn Brynjólfs.

„Flestir voru þar enn þegar það varð mest lesna dagblað landsins, líklega í mars 2003. Þá var fagnað og það var í fyrsta skipti, svo ég viti til, sem Fréttablaðið borgaði fyrir djamm sem stóð fram eftir nóttu. Gummi Steingríms spilaði á harmóníku og ætli Trausti Hafliða hafi ekki verið á gítarum? Ég tel að ritstjórnarstefna Fréttablaðsins hafi svínvirkað en mín skoðun er sú að það hefði aldrei náð að verða árs gamalt ef ekki hefði verið fyrir baráttuanda starfsfólksins.“

gun@frettabladid.is

Safnaði mörgum erlendum vefslóðum og fann nýjar fréttir þar

Guðsteinn Bjarnason var meðal fyrstu starfsmanna Fréttablaðsins en fór yfir á Fiskifréttri árið 2017. Hann kveðst hafa byrjað blaðamannskerfilið á Tímanum sem breyttist í Dag Tímann – og síðan Dag – en verið boðið starf á Fréttablaðinu, sem var í startholunum þegar Dagur fór á hausinn vorið 2001. Eigendur voru þeir sömu, Eyjólfur Sveinsson og Sveinn R. Eyjólfsson.

„Ég held ég hafi byrjað að tina inn einhverjar menningarfréttir og viðburði og sinna erlendum fréttum,“ segir Guðsteinn um verkefni sín á Fréttablaðinu. „Við höfum störf í gamla Hampíðjuhúsinu, fórum svo á Suðurgötuna og síðan í Skaftahlíðina,“ rifjar hann upp.

Mest kveðst Guðsteinn hafa sinnt erlendu fréttunum meðan hann var á blaðinu. „Ég réði mér mikið sjálfur þar, var kannski svolítið í mínum heimi en ekki alveg í hringiðu hins íslenska fréttahasars.“

Framan af var Google-leitarvélín ekki eins öflug og nú og ég safnaði fjölmörgum erlendum vefslóðum sem ég fann nýjar fréttir á. Verst var hversu erfið var að afla myndna, sérstaklega frá Norðurlöndunum og Grænlandi, það stoppaði oft fréttir þaðan sem ég vildi leggja áherslu á. Mér skildist myndaveitir þar vera of dýrar fyrir útgáfunu. Við vorum bara með AP og AFP líka. Í byrjun var ég líka að tina inn fréttaskeyti þaðan og umorða þau. Netið var ekki eins fullkomið og síðar varð.“

Einar Karl Haraldsson var ritstjóri til að byrja með, að sögn Guðsteins. „Gunnar Smári hafði



Guðsteinn var mest í erlendum fréttum og þótti verst að koma ekki Norðurlöndunum og Grænlandi meira að. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



GUNNAR SMÁRI HAFÐI

TEKIÐ ÞÁTT Í HUGMYNDA-

VINNU ÚTGÁFUNNAR OG

VAR Í ÖLLU, MEÐAL ANN-

ARS UMBROTINU. HANN

VAR GRÍÐARLEGA ÁHUGA-

SAMUR OG HÉLT REGLU-

LEGA FRÆDSLUFUNDI.

gun@frettabladid.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 24. apríl 2021



Feðginin Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Eðvarð Sturluson. Sigrún gaf nýlega út bók með ljóðum föður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MELTINGIN Í 1. SÆTI



Íslensk hráefni
fyrir þína liðaheilsu



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Fjársjóður um fjörðinn

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir gaf í vetur út ljóðabók föður síns Eðvarðs Sturlusonar, Ljóðin hans pabba. Þetta er fyrsta ljóðabók Eðvarðs sem er 84 ára gamall. Sigrún hefur lengi viljað gefa út ljóð föður síns og í COVID skapaðist loks tækifæri til þess að láta til skarar skriða. **2**



Sigrún segir þá hugmynd hafa komið upp fyrir þónokkru að gefa út ljóð föður síns. Þau feðgin nýttu svo tækifærið í heimsfaraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Sigrún og eiginmaður hennar Eyþór Páll eiga og reka fyrirtækið Prentmiðlun, sem þjónar útgefendum, stórum sem smáum, við framleiðslu bóka.


„Það var því frekar skritin tilhugsun að vera allt í einu komin hinum megin við borðið sem útgefandi við gerð þessarar bókar. Eitt er að ritstýra og huga að uppsetningu og útliti. Annað er að velja pappír og bókbandsefni sem og kjólkraga og lesmerkiborða eða allt það sem þrýða á vandaða og fallega bók. Þetta er eitthvað sem ég hafði ekki staðið frammi fyrir áður nema að takmörkuðu leyti en virkilega skemmtilegt og lærdómsríkt ferli þegar maður lítur til baka,“ segir Sigrún. Hún er mjög sátt við hvernig til tókst en segir þabba sinn hafa haft á orði að bókin sé persónulegri en hann sá kannski fyrir sér í fyrstu.

„Þetta er fyrsta ljóðabókin sem gefin er út með vísun og ljóðum eftir hann, en hann er nýrðinn 84 ára svo það má segja að bókin hafi verið orðin löngu tímabær enda af nægu að taka. Við hefðum vel getað skellt í tveggja binda verk þar sem pabbi hefur verið iðinn við að semja við hin ýmsu tilefni í gegnum árin. Ég á hins vegar ekki von á því að við gefum út aðra bók þó maður eigi kannski aldrei að segja aldrei,“ segir Sigrún.

„Líkt og titill bókunnar Ljóðin hans þabba gefur í skyn þá er bókin mjög persónuleg og ég ætla að leyfa mér að segja að það sé ekki oft sem maður sér slíkar ljóðabækur en á sama tíma gefur hún manni innsýn í líf og störf í litlum firði. Pabbi er fæddur og uppallinn á Suðureyri við Súgandafjörð og bjó þar í 68 ár eða þar til foreldrar mínir fluttu suður árið 2005. Maður þarf ekki að vera Súgandafjörðingur til að geta notið hennar en bókin geymir á vissan hátt sögu fólksins og fjarðarins sem og persónuleg hugðarefni þabba.“

Segir meiningu sína

Sigrún segir að pabbi hennar hafi í gegnum árin hvorki legið yfir kveðskap, né skoðunum sínum og að þeir sem til hans þekkja viti það. Hann hefur löngum verið þekktur fyrir að hugsa hratt og tala hratt og kasta þannig fram stöku við hin ýmsu tækifæri, sjálfum sér og öðrum til skemmtunar. Aðspurð um hvað bókin fjallar segir Sigrún að kannski sé best að



Bókin Ljóðin hans þabba er fyrsta bókin sem kemur út með ljóðum Eðvarðs sem er 84 ára gamall.

vitna í skrif Ragnars Inga Aðalsteinssonar á bókarkápunni en þar segir hinn þekkti hagrörðingur:

„Eðvarð er hagarður, hugkvæmur, orðfær og fyndinn. Viða má greina hlýjar tilfinningar til samferðamannanna en svo er líka skotið föstum skotum. Eðvarð er óhræddur við að segja meiningu sína og vanur að komast strax að efninu, ákveðið og umbúðalaust. Ljóðin eru ort af mikilli fimi, brageyrð er næmt og hrynjandi ljóðanna falleg og gripandi. Virðingin fyrir æskustöðvunum er mikil og gefur sterkan undirtón í gegnum bókina líkt og kemur fram í ljóði hans um Súgandafjörð:

Ég hef ævina alla unað við þennan fjörð, fáir fegurri staðir finnast á þessari jörð.

„Halldór Blöndal sem sér um Vísnaðhorn Morgunblaðsins gaf honum sömuleiðis góðan vitnisburð í vetur og sagði hann „átt-hagaskáld eins og þau gerast best.“ Flottur vitnisburður sem pabbi fær þarna,“ segir Sigrún Edda.

Sigrún segir að bókinni hafi verið vel tekið og að margt sem

Við hefðum vel getað skellt í tveggja binda verk þar sem pabbi hefur verið iðinn við að semja við hin ýmsu tilefni í gegnum árin.

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir

faðir hennar yrkir um sé áhuga-verður spegill á samfélagið frá þeim tíma sem hann vann að sveitarstjórnarmálum.

„Hann dregur fátt undan en snýr að honum sjálfum persónulega auk þess sem hann deilir áhyggjum af stöðu hinna minni byggða sem eiga allt undir sjávarútvegi, líkt og Suðureyri sem byggst hefur upp vegna nálægðar sinnar við fengsæl fiskimið.“

Ágóðinn til Suðureyrarkirkju

„Það er töluvert síðan ég nefndi við þabba að mig langaði til að gefa út ljóðin hans og varðveita í eigulegri og fallegri bók. Í heimsfaraldrinum skapaðist loks rými til að ljúka þeirri vinnu og má segja að síðastliðið ár hafi verið nýtt til hins ýtrasta enda úr miklu að móða,“ segir Sigrún.

„Við fjölskyldan getum þakkað henni mómmu sérstaklega fyrir hvað hún hefur verið einstaklega dugleg að halda blaðsneplunum hans þabba til haga í gegnum árin.“ Eftir að bókin kom út ákváðu þau feðgin að gefa ágóða bókarnar til endurbóta á Suðureyrarkirkju en kirkjan er fjölskyldunni afar nær.

„Kirkjan var reist árið 1937 en pabbi var skírður þar við vígsluna af Jóni Helgasoni biskupi við hátíðlega athöfn 1. ágúst það sama ár. Að undanfögnu hefur verið unnið að því að fjármagna nauðsynlegar og brýnar endurbætur á bæði innra og ytra byrði kirkjunnar og standa þær endurbætur sem og fjáröflun nú yfir. Okkur finnst því vel við hæfi að leggja kirkjunni lið í þessu risastóra verkefni. Það er óhætt að segja að kirkjan eigi sér marga velunnara enda rætur margra stærkar í fjörðinn og margir sem vilja leggja sitt af mörkum til samfélagsins þar, líkt og við,“ segir Sigrún.

Sigrún segir að þau feðgin séu

ágætlega nán, sem og fjölskyldan öll.

„Eitt af því sem maður getur sagt að maður taki með sér úr föðurgarði er án efa ræktarsemin við fólkið og heimahagana. Það hefur verið mikill heiður að vinna að undirbúningi þessarar bókar sem geymir eins og ég hef nefnt hugrenningar þabba um fjörðinn okkar og fólkið og allt þar á milli og varðveita um ókomin ár hans hjartans fjársjóð með þessum hætti.“

Á æskuslóð

Það er indælt að koma á æskustöðvarnar heima, una glaður og hitta vinina hér. Bernskuslóðirnar margs konar minningar geyma sem munu lifa, sama hvert maður fer.

Ýmislegt breytist en tímans tönn hlífir engu, tækni framfarir markið setja á flest.

Brottluttir gestir hressir um göt-urnar gengu gladdir í fasi og reyndu að skoða sem mest.

Margt var breytt og ekki eins og fannst mér forðum, fjölmargt til bóta og ekki líkt því sem var, sumt var miður, ég nefni það ekki í orðum, fyrr iðandi mannlíf fyllti hér göt-urnar.

En þessu verður að una með einhverju móti því ennþá stjórnmálaspekin á ferðinni er, hið slæma sem gerðist, er síðan settur var kvóti var sóknin til lífsbjargar tekin af fólkinu hér.

Einhvern veginn áfram er vefurinn spunninn og ýmsir neita að gefa þetta upp á bát, en búast til varnar og sækja uns sigur er unninn, þeir Súgandafjörðingur neita að játa sig mátt.

Vorið svifur um Súgandafjörð
Nú ilmar loftið og angar jörð þó allvíða gróður sé kalinn. Vorið svifur um Súgandafjörð og sindrar á fjörðinn og dalinn.

(úr bókinni Ljóðin hans þabba)

RAFHJÓLA SPRENGJA Í RAFHJÓLASETRI ELLINGSEN

Það verður sannkölluð rafhjólasprengrja fimmtudag til mánudags!
Sprengitilboð af völdum rafhjólum, afsláttur af öllum Zero rafhlaupahjólum
og 20% afsláttur af aukahlutum. Komdu og prófaðu drauma rafhjólið þitt!



TILBOÐSSPRENGJA!

Zero 8

-15.000 kr.
AFSLÁTTUR

74.995.- / ~~89.995.-~~

Zero 10x

-25.000 kr.
AFSLÁTTUR

194.998.- / ~~219.995.-~~

Mate X

Desert Storm 14 AH

-80.000 kr.
AFSLÁTTUR

279.995.- / ~~359.995.-~~

*Aðeins 10 stk.

Aukahlutir

20%
AFSLÁTTUR

ELLINGSEN



Fiskislóð 1, Reykjavík / Óseyri 4, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / www.rafhjolasetur.is

Matarást Gunnars smitar út frá sér



Sjöfn Þórðardóttir sjofn@frettabladid.is

Það er ekkert eins gefandi og að koma inn á heimili þar sem fjölskyldan öll er saman komin í eldhúsinu að undirbúa matarveislu af ástríðu og natni. Þannig var það þegar Sjöfn Þórðardóttir þáttastjórnandi heimsótti Soffiu Karlsdóttur, Gunnar J. Árnason og dæturnar Sunnefu og Júlíu á heimili þeirra í þættinum Matur og heimili á Hringbraut.

Sjöfn fékk að fylgjast með fjölskyldunni við matargerð á líbönskum sælkeraréttum. Húsmóðirin Soffía er forstöðumaður menningarmála í Kópavogi og fjölskylduaföririnn Gunnar er sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu. Dæturnar stunda báðar háskólanám; Sunnefa er meistaranemi í arkitektúr í Delft, Hollandi og Júlía er sálfræðinemi við HÍ og starfar hjá Wasteland.

Menning, listir og matur skipa stóran sess á falllegu heimili Soffiu og Gunnars, og stór eyja í opnu rými hússins kallar á skapandi samstarf við matarundirbúninginn.

„Við erum mikið áhugafólk um matargerð og það að skipuleggja, undirbúa og borða góðan mat saman er eitt af því sem tengir okkur vel saman. Gunnar er aðalmatgæðingur heimilisins og óragur við að prófa nýja, framandi rétti sem annað heimilisfólk nýtur góðs af,“ segir Soffía og er stolt af sínum manni. Og þótt Gunnar vilji ekki viðurkenna það segir Soffía að á heimili þeirra sé oft á borðum matur sem hvaða fimm stjörnu veitingastaður getur verið stoltur af.

Sumac kom þeim á bragðið Segið okkur frá ástríðu ykkar á líbanskri matargerð? Hvernig kynntust þið henni?

„Við höfum gaman af því að ferðast til framandi staða og kynnst ólíkra matargerðarlist og hér á heimilinu er mikið rætt um mat og nýjar matarupplifanir. Árni, sonur okkar sem býr í Oxford, sagði okkur frá líbönskum stað sem hann og Nína kærastan hans hafa mikið dálæti á og við fengum strax áhuga á að kynnst líbanskri matargerðarlist betur,“ svarar Soffía. „Við hjónin höfum sótt hinn frábæra veitingastað Sumac á Laugaveginum og komumst á bragðið þar. Áður en Árni kom heim um jólnin fór hann í búð í nágrenninu og sankaði að sér kryddum og öðru góðgæti, og við ákváðum að um jólnin skyldum við útbúa líbanskt veisluborð frá grunnu. Yfirkokkur



Soffía Karlsdóttir með eiginmanni sínum, Gunnari J. Árnasyni og dætrunum Sunnefu og Júlíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



Grillað eggaldin með tahinisósu er í miklu dálæti hjá fjölskyldunni.



Fjölskyldan matreiddi líbanska veislu eins og hún gerist best.

heimilisins, Gunnar, fékk svo tvær matreidslubækur í jólagjöf sem eru helstu leiðarljósin okkar í líbönsku matargerðarlistinni; Mezze Cookbook (Phaidon) eftir Salma Hage og Sumac eftir Bráin Frey Vigfússon.“

Einstök, heillandi krydd einkenna bragð réttanna

Hvað er það sem heillar ykkur helst við líbanska matargerð?

„Fyrir utan hin einstöku krydd Za'atar, Sumac, Ras el hanout og Berbere, sem einkennir bragð réttanna, eru í líbönskum mat notuð fersk hráefni og mikið grænmeti sem hentar vel þar sem dætur okkar Sunnefa og Júlía eru báðar vegan. Þá er einstaklega spennandi að útbúa líbanska veislu sem samanstendur af mörgum litlum réttum sem hægt er að deila. Ólíkar sósar og ídyfur með grillaða brauðinu er eitt af því sem gerir hlaðborðið og borðhaldið litríkt og skemmtilegt.“

Saltaðar sítrónur fyrirferðarmiklar í líbanskri matargerð

Þegar kemur að því að fá hráefni í líbönsku réttina hafa Soffía og Gunnar uppgötvað rétta staðinn sem hefur að geyma hinar ótrúlegustu kryddblöndur. „Sumar kryddblöndurnar voru okkur framandi en nú er hægt að fá vel flest hér á landi. Við uppgötvuðum verslunina Istanbul Market á Grensásvegi sem er vel falið leyndarmál þegar kemur að framandi matargerð og þar höfum við verið tíðir gestir. Þar höfum



Libanskur matur er sannkallað konfekt fyrir augu, munn og maga.



Bragðgóð og framandi líbönsk krydd gera kartöflur að lostæti.

við fundið öll krydd og hráefni sem þarf í matargerðina, meðal annars niðursoðnar grillaðar papriku og saltaðar sítrónur, sem eru mjög fyrirferðarmiklar í líbanskri matargerð. Lambakjöt er áberandi í líbönskum mat og við höfum notað hægdað, úrbeinað lambalæri og lambaprime, en einnig hentar kjúklingur vel, til dæmis úrbeinað kjúklingalæri.“

Meistarakokkur og handlangari

Mikla eldamennsku og umræðu um mat á heimilinu má mestmegnis rekja til ástar Gunnars á góðum mat og börnin hafa klárlega tileinkað sér þennan áhuga en dæturnar töfra iðulega fram ljúffenga veganrétti sem þær elda frá grunnu.

„Hér er mjög lítið keypt af tilbúnum réttum og enginn sér eftir tímanum sem fer í matseldina,“ segir Soffía sem segist vera góður handlangari. Hún leggi á borð og gangi frá og svo falli brauðgerð og bakstur oft í hennar hlut. Um tíma átti afrískur matur hug fjölskyldunnar en þau hafa meðal annars ferðast saman til Marokkó og Tansaníu.

Bara til að gefa smjörþefinn af því sem getur verið á boðstólum eru hér nokkrir réttir sem allir eru vegan.

Paprikuídyfa með hnetum er algjört lostæti

Til eru ýmsar útgáfur af þessu lostæti en stuðst er við frábæra uppskrift frá veitingastaðnum Sumac.

„Við höfum prófað að grilla papriku og líka keypt hana niðursoðna í Istanbul Market. Hvort tveggja var mjög gott. Ef paprikan er grillað þarf hún að vera orðin vel mjúk og í lagi þótt hýðið brenni aðeins, en þá er auðveldara að taka af henni hýðið. Það sem gefur einstakt bragð er reykt papriku-duftið og hneturnar. Við setjum allt saman í matvinnsluvél og blöndum vel til að fá mjúka og kremaða áferð og þá getur verið gott að nota öflugan töfrasprota á blönduna. Paprikuídyfan er ljúffeng ein og sér með grillaðu brauði eða sem meðlæti með grillaðu kjöti.“

Paprikuídyfa með hnetum

250 g paprika (niðursoðin eða grillað)
50 g ristaðar, hýðislausar hakkaðar heslihnetur
2 msk. púðursykur
1 msk. salt
100 ml. ólífuolíu
1-2 hvítlauksrif
1/2 msk. salt
1 msk. eplaedik
1 msk. reykt paprikuduft

Setjið hráefnið í blandara. Til að ná léttri og sléttri áferð er gott að finvinna idýfuna með töfrasprota.

Grillað eggaldin með tahinisósu

Eggaldin er í sérstöku uppáhaldi hjá fjölskyldunni. Skerið eggaldin í tvennt eftir endilöngu og kryddið sárið með salti, olífuolíu og góðri kryddblöndu, eins og til dæmis Berbere-blöndu sem er gerð úr chilli dufti, papriku, kóríander, túrmerik, svörtum pipar og kanil. Gott er að gera það með nokkrum fyrirvara svo eggaldinið geti drukkið í sig kryddin. Grillað þar til það er orðið vel mjúkt í gegn, og það má brenna aðeins að utan. Einnig er hægt að setja það í ofn á háum hita og grilla þar. Borið fram með tahini-jógurtsósu og sítrónusafi kreistur yfir. Skreytið með klettasalati og granataeplafræjum, ef vill.

Tahini-sósa

Tahinisósa er sérlega ljúffengt meðlæti með líbönskum mat og myndar gott jafnvægi við bragðmiklar kryddblöndur. Tahini er þykkni úr sesamfræjum og gott að blanda ólífuolíu, sítrónusafa, hunangi og jógúrti saman við. Til að hafa sósuna vegan notum við vegan jógúrt. Allir þurfa að finna þá blöndu sem þeim finnst bragðast best. Ef tahini er mjög þykkt má blanda vatni saman við til að fá réttu áferðina. Svo má salta og krydda eftir smekk, okkur finnst kúminduft passa vel við tahini-bragðið.

3 dl hafrajógúrt

3 dl tahini

Safi úr ½ sítrónu

½ tsk. salt

½ tsk. kúmin

2 msk. ólífuolíu

1 tsk. af hunangi

Grillað brauð með Za'atar-kryddi

Grillað brauð með Za'atar kryddi og sesamfræjum er ómissandi meðlæti. Za'atar er mild kryddblanda, gerð úr oregano og sesamfræjum. Nota má einfalda brauðblöndu úr durum-hveiti, salti, geri og vatni. Látið deigið hefa sig og fletjið út í litlar flatkókur. Hendið þeim á grillað og dreypið hvítlauksolíu og stráið Za'atar og sesamfræjum yfir þegar tilbúið.

MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannslíkamans og:



- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukum og fínum línun í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra háráðaslitavæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumuppbótur.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járnns.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Marine Collagen
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Matvælaíðnaður á Íslandi

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 24. apríl 2021

Kynningar: Foss Distillery, Skólamatur, Emmessís, Bændasamtök Íslands, John Lindsay heildsala, The Icelandic Wildlife Fund



Jakob S. Bjarnason framkvæmdastjóri og Freyr Sigurðarson framleiðslustjóri Foss Distillery hafa þurft að feta nýjar slóðir þegar áfengissala dróst saman vegna COVID. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frá brennivíni yfir í húðvörur

Forsvarsmenn Foss Distillery sem framleiðir meðal annars líkjörana Björk og Birki hafa þurft að leita á ný mið vegna samdráttar á tímum COVID. Þeir hafa farið í samstarf við önnur fyrirtæki um að þróa vörur úr etanóli. **2**

Foss Distillery er vinnframléiðandi sem fram að COVID byggði afkomu sína á framleiðslu áfengis. Þegar ferðamönnum fækkaði vegna ástandsins í heiminum dróst sala áfengis verulega saman en Jakob S. Bjarnason framkvæmdastjóri hjá Foss Distillery segir að þau hjá fyrirtækinu hafi þá tekið til sinna ráða.

„Við færðum okkur frá því að framleiða eigin vörur yfir í að framleiða vörur fyrir aðra. Við höfum þróað vörurnar með samstarfsaðilum og framleitt þær en höfum látið samstarfsaðilana sjá um markaðshlutann. Þannig höfum við brugðist við okkar samdrætti,“ segir Jakob.

„Við höfum meðal annars verið að framleiða hreinsivökva fyrir Ásthildi Gunnlaugsdóttur hjá Mist & Co.“

Vörurnar sem Foss Distillery framleiðir fyrir Mist & Co eru tvenns konar, það er Deep Clean sem djúphreinsar förðunarbústa og Daily sem er aðeins mýkri og hugsáður til að hreinsa förðunarbústa eftir hverja notkun. Ásthildur sagði einmitt frá þessari nýju hreinsivörulínu í viðtali við Fréttablaðið fyrr í mánuðinum, en þar segist hún hafa prófað 80 mismunandi formúlur áður en hún fann þá réttu.

Frá víni yfir í spritt

Vörurnar sem Foss Distillery hefur verið að framleiða eru úr etanóli. Etanól er vinandi en framleiðslumöguleikarnir eru fjölbreyttir.

„Etanólið er þeirrar náttúru að úr því má vinna fleira en áfenga drykki og um leið og COVID-19 skrúfaði fyrir eftirspurnina í brennivinsframleiðslu varð sprenging í eftirspurn á sótt-hreinsispritti. Þannig að við fórum í það að þróa handspritt,“ segir Jakob.

Munurinn á handsprittinu sem Foss Distillery framleiðir og hefðbundnu handspritti er að Foss blandar ilm kjarnaolium saman við etanólið sem áður var grunnurinn í vodkanum. Jakob fór síðan í samstarf við þær Írisi Gunnarsdóttur og Ingu Kristjánsdóttur hjá Mulier Fortis sem dreifa handsprittinu undir merkinu Númer eitt.

Jakob nefnir að Foss Distillery hafi einnig farið í samstarf við Rekstrarvörur og þróað með þeim yfirborðshreinsi og framleiddi einnig fyrir RV sjúkráhuþspritt og fleiri vörur.

„Það er ekki gott að nota handsprittið sem yfirborðshreinsi þar sem það er olía í því,“ útskýrir hann og tekur fram að þó sprittið innihaldi etanól líkt og áfengi sé það alls ekki drykkjarhæft.

Vinna etanól úr mjólk

„Við höfum verið í samstarfi við Mjólkursamsöluna og Kaupfélag Skagfirðinga um framleiðslu á etanóli úr mjólkursykri sem kemur frá ostamysu. En það er verið að setja upp verksmiðu og undirbúa framleiðslu á etanóli á Sauðárkróki,“ segir Jakob.

Hægt verður að framleiða um eina og hálf milljón lítra af etanóli á ári úr þessari ostamysu. Hún verður í fyrstu að mestu seld öðrum fyrirtækjum til iðnaðarnota. Nú gefst í fyrsta sinn á Íslandi möguleiki á að þróa og framleiða hundrað prósent íslenskar vörur úr hráefni sem er framleitt á Íslandi, ekki innflutt eins og staðreyndin er í dag.

„Mjólkursamsalan byrjaði að vinna að verkefninu árið 2015 og það hefur auk okkar verið unnið í samstarfi við Matis, Háskólann á Akureyri og danska tækniháskólann DTU. Við vorum í raun lykilaðili í þróun á þessari lausn. Við keyrðum alla rannsóknar- og þróunarvinnuna hér hjá okkur. Tilraunaverksmiðjan er hér í hús-



Björk og Birkir hafa verið lykilverur Foss Distillery en fyrirtækið er reiðubúið að hefja aftur framleiðslu að fullu þegar ferðamennirnir snúa aftur.



Foss Distillery framleiðir ýmsar vörur úr etanóli.

næði Foss Distillery, segir Jakob.

Jakob segir að þrátt fyrir að áfengisframleiðslan hafi dregist saman séu þau hjá Foss Distillery tilbúin að hefja aftur framleiðslu á fullu þegar ferðamennirnir fara að koma aftur. Fyrirtækið fjárfesti nýlega í auknum sjálfvirkniþúnaði í þökkun þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að auka áfengisframleiðsluna á ný þegar eftirspurnin eykst.

” Við erum búin að vélvæða okkur svo framleiðslumöguleikar Foss Distillery eru miklu meiri í dag en þeir voru áður.



Vodka og brennivín frá Foss Distillery eru kennd við vörumerkið Helvíti.

„Við erum búin að vélvæða okkur svo framleiðslumöguleikar Foss Distillery eru miklu meiri í dag en þeir voru áður, fyrir COVID,“ segir Jakob og er þokkalega bjartsýnn á framtíðina.

Lykilverur Foss Distillery eru líkjörarnir Björk og Birkir sem byggja báðir á íslensku birki. Foss Distillery framleiðir einnig vodka og brennivín kennd við vörumerkið Helvíti.

„Við framleiðum líka Olafsson ginið, fyrir Eyland Spirits, en það hlaut tvö gullverðlaun síðasta sumar,“ segir Jakob.

„Við höfum alveg framleiðslugetu til að bæta við nýjum vörum samhliða vinnframléiðslu. Það eru miklir möguleikar í framleiðslu etanóltengdra vara. Ef einhver þarna úti er að spá og spekulera í nýjum vörum þá má alltaf hafa samband.“



BÆNDURNIR OKKAR
sem við þekkjum og treystum



KJÚKLINGUR OG KALKÚNN FRÁ ÍSFUGLI ER REKJANLEGUR TIL BÓNDA



Kíktu í heimsókn
til Ísfuglsbónda!



Endurspeglar frískleika sumarsólarinnar

Þó svo páskaþreitið sé enn að stríða okkur víðast hvar á landinu þá lýgur dagatalið ekki. Á sumardaginn fyrsta kom sumarísinn frá Emmessis í verslanir og má með sanni segja að isinn slái sífellt meira í gegn með hverju árinu.

Sumarísinn frá Emmessis er í senn suðrænn og seiðandi með frískandi mangósósu og kókos til að yfa upp sumarið í neytendum. Súkkulaðiþitarnir gefa svo hið fullkomna bit með suðrænu sveiflunni. „Sumarísinn okkar er í hugum margra forboði sumars og því víðeigandi að hann komi í verslanir á sumardaginn fyrsta. Sumarís Emmessis kom fyrst á markað fyrir sumarið 2013 og var þá búið að verja löngum tíma í þróun á uppskriftinni. Bragð og gæði eru alltaf númer eitt, tvö og þrjú í allri matvælaþróun hjá Emmessis og Sumarísinn er þar engin undantekning. Bragðið endurspeglar að sama skapi frískleikann og gleðina sem fylgja sumarsólinni. Við erum stöðugt að uppfæra og fínþússa bragðið og satt best að segja held ég að sumarísinn hafi aldrei verið jafngóður og nú í ár,“ segir Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri Emmessis.

Ísar með orðspor

Emmessis er eitt allra þekktasta ísframleiðslufyrirtæki á Íslandi og alls ekki að ástæðulausu enda hefur isinn frá Emmessis verið á milli tannanna hjá Íslendingum allt frá upphafi sjöunda áratugarins. Ísinn hjá Emmessis er ávallt framleiddur með gæði og bragði í fyrirrúmi og á fyrirtækið hefur unnið af vinsælustu ístegundum



Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Emmessis, segir að Sumarísinn sé langvinsælastur á sínu heimili á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.



Sumarísinn er exótískur og seiðandi með mangó, kókos og súkkulaðiþitum. Hin fullkomna blanda í sumar.

þjóðarinnar. „Hnetutoppurinn er og hefur klárlega verið vinsælastur hjá okkur í marga áratugi en Hnetutoppur kom fyrst á markað á þjóðhátíðardaginn árið 1968. Hnetutoppur í boxi kom svo sterkur inn á markað í fyrri tilefni 60 ára afmæli Emmessis og hefur síðan þá deilt titlinum „vinsælasti isinn“ ásamt Hnetutoppnum sjálfum. Svo er Ísblómið alltaf klassískt á eftirréttaborðum Íslendinga,“ segir Pálmi.

Að sögn Pálma hefur Sumarísinn allajafna verið einn mest seldi isinn hjá Emmessis yfir sumartímann. „Þetta er tvímælaust langvinsælasti isinn á mínu heimili á sumrin. Ég er mjög stoltur af Sumarís Emmessis. Hann er algert ævintýri frá upphafi til enda og það er einmitt þannig sem góður is á að vera.“

Sumarísinn frá Emmessis er nú fánlegur í flestum matvöruverslunum á landinu.

Fyrstu frosnu réttirnir

Stundum er þægilegt að geta gripið í frosinn rétt, þó enginn sé kannski sérlega stoltur af því vali. Í dag erum við von því að geta gripið í þessa rétti í hvaða búð sem er, en þeir hefðu kannski aldrei komið til sögunnar ef ekki hefði verið fyrir fjall af kalkúnaafgöngum.

oddurreyfr@frettabladid.is

Hvort sem það er vegna skorts á tíma, fyrirhyggju, orku eða hæfni í eldhúsinu geta frosnir réttir oft komið að góðu gagni. Frosnir réttir litu dagsins ljós um miðbik 20. aldar og slógu í gegn með vel heppnaðri auglýsingaherferð sem tengdi þá við það nýjasta og heitasta í afþreyingu, sjónvarpið.



Það var matvælafyrirtækið Swanson sem átti heiðurinn af því að frosnir réttir slógu í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Fyrstu sjónvarpskvöldverðirnir frá Swanson voru lausn við vandamáli sem fyrirtækið glímdi við. Það sat uppi með 235 tonn af kalkúnaafgöngum eftir Þakkargjörðarhátíð.

sem fyrirtækið glímdi við. Það sat uppi með 235 tonn af kalkúnaafgöngum eftir Þakkargjörðarhátíð og leitaði því til starfsmanna sinn og óskaði eftir hugmyndum um hvað ætti eiginlega að gera við allt þetta kjöt. Ein sagan segir að einn þeirra, Gerry Thomas, hafi séð hólfada álbakka notaða af flugfélaginu Pan American Airways og kynnt hugmyndina fyrir Swanson-bræðrum, en samkvæmt annarri útgáfu fundu bræðurnir upp á þessu sjálfir.

Hver sem átti hugmyndina varð niðurstaðan sú að Swanson pakkaði kalkúni, maisbrauðfyllingu, baunum og sætum kartöflum á álbakka og auglýstu þá sem sjónvarpsrétti sem var hægt að elda á 25 mínútum. Betty Cronin, bakteríufræðingur Swanson-fyrirtækisins, lék líka mikilvægt hlutverk, en hún tryggði að innihald réttanna gæti hitnað jafnt og að þeir væru bragðgóðir.

Það er ekki alveg ljóst hver fann upp á frosnum réttum en yfirleitt eru þeir eignaðir Swanson-bræðrunum, Gilbert og Clark, sem ráku bandaríska matvælafyrirtækið Swanson. Clarence Birdseye átti líka sinn þátt í uppfinningunni, en árið 1923 þróaði hann aðferð til að pakka ferskum mat og snöggfrysta hann. Árið 1949 voru Albert og Meyer Bernstein svo byrjaðir að selja frosna rétti á hölfudum álbökkum á svæðinu kringum Pittsburgh í Pennsylvaníu, en það var auglýsingaherferð Swanson-fyrirtækisins, sem markaðssetti frosna rétti sem „sjónvarpskvöldverði“ eða „TV dinner“ sem varð til þess að frosnir réttir slógu í gegn í Bandaríkjunum. Þaðan hafa þeir svo breiðst út til annarra landa.

35 milljón réttir á tveimur árum
Réttirnir slógu strax í gegn og fyrsta árið seldust 10 milljón réttir og það næsta 25 milljón réttir á 98 sent stykkið. Sjónvarpið var að breiðast hratt út á sama tíma og sífellt fleiri konur fóru út á vinnu-markaðinn. Sjónvarpskvöldverðir hittu því á hárrétt augnablik í sögunni og svöruðu nýrri eftirspurn eftir fljótlegum, ódýrum og þægilegum réttum, sem tryggði velgengi þeirra.

Með árunum hafa frosnir réttir svo þróast í takt við þarfir neytenda og vinsældir þeirra hafa vaxið stöðugt. Í dag er hægt að fá allar mögulegar máltíðir í frosinni útgáfu og frosnar máltíðir fást í öllum búðum.

Stóra kalkúnakjötfjallið

Fyrstu sjónvarpskvöldverðirnir frá Swanson voru lausn við vandamáli



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

iSqueeze

TURMERIC DRYKKIRNIR

- Vinna gegn bólgum í líkamanum
- Styrkja ónæmiskerfið
- Stuðla að betra kólesteróljafnvægi
- eru andoxandi
- Auka virkni lífrarinnar sem stuðlar að bættri hreinsun

GÆÐI Í HVERJUM DROPA

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Leiðtogi kjara- og mannauðssýslu ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda í embætti skrifstofustjóra kjara- og mannauðssýslu ríkisins til að þróa starfsumhverfi ríkisins til móts við nýja tíma. Viðkomandi þarf að hafa framtíðarsýn á þróun ríkisins sem vinnuveitanda og frumkvæði, metnað og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins vinnur að stefnumörkun ríkisins á sviði mannauðsmála og styður við starf samninganefndar ríkisins við gerð kjarasamninga. Kjara- og mannauðssýslan sinnir einnig stefnumarkandi ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana á sviði mannauðs- og kjaramála og hefur eftirfylgni með framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan fer með málefni stjórnenda og forstöðumanna og sér um innleiðingu stjórnendastefnu ríkisins. Hún annast samstarf við samtök launafólks og launagreiðanda um launa- og kjaramál sem og umbætur á vinnumarkaði.

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða og bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi skrifstofunnar. Í því felst stjórnun mannauðs og verkefna, stefnumótun, markmiðasetning og mat á árangri. Skrifstofustjóri er hluti af stjórnendateymi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og heyrir undir ráðuneytisstjóra.

Við leitum að stjórnanda sem býr yfir:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraþróf æskilegt.
- Þekkingu og árangursríkri reynslu af stjórnun og stefnumótun.
- Leiðtogahæfileikum og framúrskarandi samskiptafærni.
- Jákvæðri reynslu af breytingarstjórnun.
- Skilningi á opinberri stjórnsýslu eða reynslu af störfum innan stórra skipulagseininga.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Þekking og reynsla á sviði kjara- og mannauðsmála er æskileg.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf með rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins (KMR) er sérstök ráðuneytisstofnun, sbr. 17. gr. Stjórnarráðslaga og er hluti af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri og Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri. Sótt er um starfið á starfatorg.is Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið samanstendur af sjö skrifstofum auk þess sem kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Stafrænt Ísland eru hluti af ráðuneytinu. Um 100 sérfræðingar skipa starfslíð ráðuneytisins.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis felst í yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins er að finna á www.stjornarradid.is

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið



Traust og fagleg
þjónusta

hagvangur.is



 HAGVANGUR



SÉRFRÆÐINGUR Á EIGNA- OG VIÐHALDSSVIÐI

Félagsbústaðir er öflugt og traust þjónustufyrirtæki á leigumarkaði með um 3.000 íbúðir til útleigu í Reykjavík. Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði 25 manns í anda gilda um samvinnu, virðingu og góða þjónustu.

Félagsbústaðir er sjálfstætt hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og eru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi.

Nánari upplýsingar um Félagsbústaði má finna á felagsbustadir.is.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með **4. maí nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Félagsbústaðir leita að kraftmiklum og fjölhæfum sérfræðingi til starfa á eigna- og viðhaldssviði.

Helstu verkefni

- Verkefna- og gæðastjórnun
- Skipulag og eftirlit með stærri byggingarframkvæmdum
- Umsjón stærri viðhaldsverkefna
- Áætlanagerð og kostnaðargreiningar
- Útboðs- og samningagerð
- Ástandsmat og áætlanir
- Skráning mála í gagnagrunna.
- Eftirlit með áætlunum og kostnaði
- Samþykkt reikninga
- Samskipti við hönnuði, verktaka og fl.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, meistaraþróf æskilegt
- Lönmenntun er kostur
- Reynsla og þekking á sviði fasteigna
- Reynsla af áætlanagerð og verkefnastjórnun
- Hæfni og færni í notkun upplýsingakerfa
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samskiptafærni, samvirkusemi og lausnamiðuð hugsun

 HAGVANGUR

Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir öflugum liðsmanni í teymi sérhæfðra fjárfestinga. Teymið stýrir fjárfestingum og framtakssjóðum sem fjárfesta á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs og nema eignir í stýringu deildarinnar um 80 milljörðum króna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hag-, viðskipta- eða verkfræði
- Yfirgripsmikil reynsla á sviði fjárfestinga
- Sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir:

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa

✉ Helgi.Arason@landsbref.is

☎ 410 2511

Landsbréf er eitt öflugasta sjóðastýringafyrirtæki landsins með 440 milljarða króna eignir í stýringu og eru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum félagsins um 15 þúsund talsins.

Starfssvið:

- Greining markaða og fjárfestingarkosta
- Gerð verðmatslíkana
- Samskipti og skýrslugjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknarfrestur er til og með **8. maí nk.**

Starfsumsókn má finna á atvinna.landsbankinn.is.

 LANDSBRÉF

KRÍA

Sprota- og nýsköpunarsjóður

Kría er nýr opinber sprota- og nýsköpunarsjóður, sem hefur það að markmiði að stuðla að uppbyggingu og þroska sérhæfs fjármögnunar- umhverfis sprota-, tækni-, og nýsköpunar- fyrirtækja á Íslandi. Markmiði sínu mun Kría ná með því að fjárfesta í vísisjóðum (e. Venture Capital Funds) sem eru sérhæfðir sjóðir sem fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum með miklum möguleikum á alþjóðlegum vexti.

